FORNLEIFASKRÁNING Á DJÚPAVOGI

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2017

FS637-16301 **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

Forsíðumyndin er gömul ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps (http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192). Á myndinni sjást ýmis gömul hús á verslunarstaðnum; Langabúð (SM-233:109), Síbería (SM-233:110), Faktorshús (SM-233:084), Bryggjuhús (SM-233:187) og bryggja (SM-233:083).

©Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 11
4. FORNLEIFASKRÁ 13
5. NIÐURSTÖÐUR 58
6. HEIMILDASKRÁ 64
7. HNITASKRÁ ISN93 66
8. MINJAKORT 67


Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar á miðbæjarsvæði í þorpinu Djúpavogi sem byggðist úr jörðinni Búlandsnesi í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu. Vettvangsvinna fór fram í byrjun nóvember 2016 að beiðni sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Sveitarstjórnin vinnur að gerð tillögu um verndarsvæði í byggð fyrir miðbæjarsvæðið á Djúpavogi. Fornleifaskráningin var unnin líkt og um deiliskráningu væri að ræða en hún verður meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar greinargerð um mat á varðveislugildi verndarsvæða.

1. Inngangur

Sveitarfélagið Djúpivogur vinnur um þessar mundir tillögu um verndarsvæði í byggð á miðbæjarsvæði Djúpavogs. Lög nr. 87 um verndarsvæði í byggð voru samþykkt á Alþingi þann 13. júlí 2015. Samkvæmt lögunum er verndarsvæði í byggð „Afmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laga þessara.“ (3. gr 6. mgr.)[1]. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar greinargerð um mat á varðveislugildi verndarsvæða er ítarleg fornleifaskráning. Sveitarfélagið fékk Fornleifastofnun Íslands ses til að annast skráninguna sem var unnin í byrjun nóvember 2016 þegar veður var milt og jörð var auð. Kristborg Þórsdóttir, fornleifafræðingur, sá um vettvangsskráningu og skýrslugerð. Allar fornleifar innan verndarsvæðisins voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 sem fengið var að láni hjá Minjastofnun Íslands.

Djúpivogur byggðist úr jörðinni Búlandsnesi sem er á milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar. Djúpivogur á sér langa sögu sem verslunarstaður en hana má rekja aftur til ársins 1589 þegar Hamborgarkaupmenn fengu verslunarleyfi þar. Danskir kaupmenn tóku svo



Kortið til vinstri sýnir staðsetningu Djúpavogs á Íslandskorti fengið á vef Landmælinga Íslands (www.lmi.is). Kortið til hægri sýnir afmörkun verndarsvæðis í byggð á Dúpavogi (mynd frá Loftmyndum ehf.)

við versluninni á einokunartímanum en árið 1920 var Kaupfélag Berufjarðar stofnað og keypti það eignir dönsku kaupmannanna. Dönsku verslunarfélögin stunduðu hval- og hákarlaveiðar samhliða verslunarrekstri og voru með bræðslur til að framleiða lýsi úr lifur og spiki. Um og

[1] http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html

upp úr aldamótunum 1900 fer að myndast þorp í kringum verslunarstaðinn og stunduðu íbúar þorpsins fiskveiðar og sjálfsþurftarbúskap.

Skilgreint verndarsvæði í byggð er 60-150 m breitt svæði meðfram ströndinni í austanverðum Djúpavogi, botni hans og út fyrir gamla verslunarstaðinn í vestanverðum voginum þar sem Langabúð og Faktorshús standa. Einnig er Djúpavogskirkja innan svæðisins. Skráningarsvæðið er talsvert raskað af framkvæmdum, vegagerð og byggingaframkvæmdum en enn standa ýmsar gamlar byggingar og margar fornminjar sjást enn á yfirborði.

Verkefnið var unnið í góðu samstarfi við Minjastofnun Íslands og oddvita sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, Andrés Skúlason. Honum eru færðar sérstakar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og öflun myndefnis fyrir verkefnið.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan verndarsvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá, kort og listi yfir staðsetningarhnit með ISN93 vörpun.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt

kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráning á því svæði sem skilgreint er sem verndarsvæði í byggð á Djúpavogi fólst í ítarlegri úttekt og var allt svæðið gengið skipulega í leit að fornminjum, líkt og um deiliskráningu væri að ræða. Rætt var við staðkunnuga um svæðið og gamlar ljósmyndir skoðaðar í þaula. Allar fornminjar sem sáust á yfirborði voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 að húsum undanskildum.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum þar sem sýnilegar minjar fundust. Við uppmælingar var notast við GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SM-233 Búlandsnes

Dýrleiki 12 hdr 1696. Björn Lárusson, 328. Dýrleiki 6 hdr 1847, fátækraeign hreppsins. JJ, 379. Bænhús á jörðinni. 1397: Máldagar. [Til Háls] liggur vnder Bænhvs a Bulandsnesi [... Þvottárkirkja á] Halfs manadar beit a Bulandsnesi þui fie sem vera skal j eyumm ef þarf " DI IV, 230-231.
1541: Minnisgreinar Gizurar biskups. "Jtem bygt Jone Eiolfzsyne heima vegna sijnz faudurz Bulandznes kristfiarjordina vm næstu iij aar med slijkum skilmala sem hann hefur adur hafdur verid af Biskup Augmundi ad giallda hest og smior aa þa vm er ridid. fæda omagann," DI X, 656.
Búlandsneshjáleiga nefnd 1760. Borgargarður og Bjargarrétt hjáleigur í byggð 1847. Önnur forn afbýli Ásmundarhús, Halldórshjáleiga, Merki, Eyfreyjunes, Gunnukofi og Hrísey. Ekki talin upp hér öll afbýlin sem tilheyrðu kaupstaðnum. Fyrst var verslað í Fúluvík þar sem Brimarar sáu um verslunina en síðar hófu Hamborgarkaupmenn verslunarrekstur við Djúpavog og urðu deilur á milli þeirra. Verslunarstaðurinn Djúpivogur byggður í landi jarðarinnar. Í eyði frá 1944. Nýbýli Askur 1964 og Framnes 1936.
"Hamborgarar kræktu sér í leyfisbréf til verslunar á Djúpavogi með brögðum 20. júní 1589. Mætti miða aldur Djúpavogs við þann dag og ár, þótt Fúluvíkur- og Gautavíkurverslun hafi staðið lengur," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, 417.
Þingörnefni á jörðinni.
1840: "... stórt tún og nokkrar útslægjur, ekki einasta á fastalandinu heldur og í eyjum. Heyskapur fæst þar því nokkur. Útigangur er þar og hinn besti, bæði á landi og í eyjum, jörðin er ei heldur áföllum undirlögð og hefur lítið af sér gengið." SSM, 557. 1916-1918: Túnið er talið 3,51 ha. og taða a.m.k. 82 hestar. [...]. Túnið er ¾ slétt og ¼ þýfður, það er vel hirt. Engjarnar gefa af sér 76 h. [...]. 5.a Eldsneyti: Mótak er ekki gott, skógur enginn. Fjárreki lítill. b. Byggingarefni: Torfrista góð en ekki notuð, sem er lofsvert því torfrista er oftast [?]. Grjót og sandur er nægilegt til steinsteypu. c. Samgöngur eru góðar. Akvegur til Djúpavogarkauptúns [...] 6. Ókostir: Ágangur á landið af annar[r]a búfé. Varpeyjar eru að verða landfastar vegna sandbyrðar á eyjasundinu. Geta gripir gengið fyrir girðingar varpslandsins - er útkrefur mikið eftirlit og viðgjörð. Eyjar og beitiland skemmist af landfokinu. Svo er einnig bráðapest í sauðfé og skjögur í unglömbum. [...] 7. Leigumáli seldur 1898: Ársgjald af jörðu og 2 kúg.= 12 ám samtals kr. 300,00," Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 393.
1919: Tún 3,24 ha, garðar 587 m2. "B. var góð bújörð, einkum þó vegna hlunninda sem áður segir, gamla túnið allstórt og "vellagað til útgræðslu", ... en engjar þýfðar og reytingssamar, mýrar og valllendisbrekkur. Beitiland þótti gott til vetrarbeitar en sumarbeit lakari." SJM III, 426-427

SM-233:034 *Íshústjörn* heimild 725358 470241
" Við Hjaltalínsvík er Engelskatjörn eða Íshústjörn," segir í örnefnaskrá. Íshúsið sem tjörnin dregur nafn sitt af var við austanverðan Djúpavog, um 30 m austan við Sigfúsarskúra 134 og 215 m austan við Löngubúð 109. Húsið er horfið. Íshústjörnin er um 800 m norðaustan við íshúsið og var ís af henni fluttur í húsið.. Í fasteignamati frá 1916-1918 fyrir Hlutafélagið Framtíð á Djúpavogi (sjá 145) er getið um ísgeymsluhús og frystihús en ekki eru gefin upp mál á húsunum. Líklegt verður að teljast að þau hús hafi verið á sama stað og íshúsið sem hér er skráð.
Íshúsið var norðan við stóra klöpp sem gatan Vogaland krækir út fyrir. Við gatnagerðina var norðvesturendi klapparinnar sprengdur og ekki er útilokað að vegurinn sé þar sem íshúsið var

eða að síðustu ummerkin um það hafi horfið við vegagerðina.




Ljósmynd úr safni Ásdísar Þórðardóttur sem sýnir íshúsið bera við himin og annað hús framan við það sem var útihús frá Höfða en kann að hafa gegnt öðru hlutverki áður. Lengst til hægri sést í Sigfúsarskúra 134.

Engin ummerki um íshúsið sjást á yfirborði og var það að líkindum rifið en ekki hafa fundist upplýsingar um það hvenær það var gert. Íshúsið sést líklega á mynd sem er í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, eftir Elisabet Sonnenfeld (Lpr/2009-79) frá árunum 1935-1940. Einnig sést íshúsið á mynd úr myndasafni Ásdísar Þórðardóttur sem er að finna á vef Djúpavogshrepps og sést hér til hliðar. Þar sjást tvö hús á sama stað. Hærra húsið var íshús og hefur Andrés Skúlason, heimildamaður, fengið upplýsingar um að lægra húsið hafi verið útihús frá Höfða. Ekki er útilokað að það hafi áður haft annað hlutverk eða verið byggt á grunni eldra húss.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Búlandsnes, 3; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1-2;


http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=77035;
http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=323



SM-233:037 *Hlíðarhús* bæjarstæði býli 724993 469932
"Suður af Brunnhúskletti [036] er Hótelshæð [sjá 109] og suðvestur frá hæðinni klettarani alllangur og heitir eftir húsum, sem meðfram honum voru, Hlíðarendaklettur [sjá 074], Hlíðarhúsklettur; milli þeirra er Mensaldurssund og Hlíðarhúshali eins og jökulsorfinn, sléttur og gróðurlaus, gott að þurrka fisk á honum [sjá 038]," segir í örnefnaskrá. Túnakort 1919. Tún 0,76 ha, garðar 190 m2. Á túnakortinu er auk bæjarins (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Fjögur útihús (B/E/F/H); tveir kálgarðar, annar við bæ (G) en hinn í túnjaðri (K); leið frá bæ, sjá leið 212; garður (C) meðfram stórum hluta túns; tveir samtengdir skurðir (L); lítill blálitaður hringur (I), hugsanlega brunnur. Auki voru skráð ein þúst (D) og ummerki um útihús (J).
Tún Hlíðarhúss er suðvestan við tjaldsvæðið á Djúpavogi og nær tjaldstæðið aðeins inn á túnið og yfir hluta túngarðs C. Hlíðarhús er 160 m suðvestan við Miðhús 090 og 90 m SSA við Djúpavogskirkju 135. Íbúðarhús sem heitir Hlíðarhús og hefur götunúmerið Steinar 5 er fast norðvestan við gamla bæjarstæðið.
Bærinn var í grunnu viki sem gengur inn í suðaustanverðan Hlíðarhúsklett, langan klettarana.

Túnið er femur votlent, í flatlendu sundi á milli Brennikletts[2] og Hlíðarhúskletts.

Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Hlíðarhús (Grasbýli). [...]. Íbúðarhús- 5x3,8x5+1,9 m. Byggt 1888 úr timbri. Veggir úr grjóti og torfi á þrjá vegu. Þakið járnvarið. Húsið var keypt 1904 á kr. 180,00 og var þá mikið endurbætt að nýjum viðum og þakið járnlagt. 2. Lóðin er talin 9576 m2 [n]otuð til grasræktar, taða 13 hestar að mt. árlega. Á henni er matjurtargarður 64 m2[.] [Þ]essi hús eru einnig á lóðinni: Fjós, eldhús, hlaða og 2 kindakofar. Girt með grjóti." Húsin eru metin á kr. 500,00 og lóðin á kr. 600,00.



Uppmælingar á leifum af fjárhúsum 037B og þúst 037D.

Minjar í túni Hlíðarhúss eru á svæði sem er um 180x80 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjar sem tilheyra býlinu og lýst verður hér á eftir fá bókstafi til aðgreiningar. Flest mannvirkin sem tilheyra býlinu eru undir Hlíðarendakletti. Í miðju túninu, upp við klettinn, stóð bærinn A og fjós sem var líklega sambyggt honum eða fast við hann. Þar sjást lítil ummerki, önnur en ójafn stallur neðst í aflíðandi halla. Stallurinn er um 17x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fram af stallinum til suðvesturs er lágur kantur sem afmarkaði norðvesturhlið kálgarðs G. Smáþýfð flöt í aflíðandi halla er þar sem kálgarðurinn var en ekki sjást hlaðnir veggir í kringum hann. Ágúst Guðjónsson, heimildamaður sem bjó um tíma í Hlíðarhúsi (yngra húsi við Steina 5), man eftir hleðslum suðvestast í kálgarðinum.



Grjóthlaðinn veggur í fjárhúsum 037B, horft til norðvesturs.

Útihús H var fast suðvestan við bæ A og vestan við kálgarð G. Þar er nokkuð afgerandi þúst. Að sögn Ágústs Guðjónssonar var ösku og öðru sorpi hent þar. Þústin er 8x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er skýrt afmörkuð til suðausturs en ógreinileg mörk eru á henni til norðvesturs. Ekki er ólíklegt að eldhús sem nefnt er í fasteignamati 1916-1918 hafi verið á þessum stað og að eftir að það fór út notkun hafi ösku verið hent í gömlu

[2] Brenniklettur kemur oft við sögu í fornleifaskránni, enda svipmikið klapparholt í hjarta þorpsins á Djúpavogi. Margir telja að Brenn*u*klettur sé réttara nafn á klettinum en lengi tíðkaðist að hafa álfabrennur á þrettándanum uppi á honum. Enn má sjá svartan blett þar sem brennurnar voru.



Tóft 037F, horft til norðurs á ljósmynd.

stóna. Þústin er 0,5 m á hæð.
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stórt útihús B um 60 m norðaustan við bæ A, nærri norðurhorni túnsins. Af stærð hússins að dæma er líklegt að þarna hafi verið fjárhús. Einn hlaðinn veggur úr húsinu stendur enn og var það eini hlaðni veggurinn í því að sögn Ágústs Guðjónssonar. Aðrir veggir hafa verið rifnir. Grunnflötur útihússins var um 15x7 m stór og sneri það norðaustur-suðvestur. Hlaðni veggurinn er 14,5 m á lengd og afmarkaði norðvesturhlið hússins. Hann er úr grjóti og eru 4-5 umför sýnileg. Hæstur er veggurinn um 1 m innanmáls. Á milli veggjarins og Hlíðarendakletts er mjótt rými sem kann að hafa verið nýtt sem lítið hólf. Þúst D er 5 m suðvestan við útihús B. Hún er flöt að ofan og er 10x6,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er um 1,3 m á hæð þar sem hún er hæst á suðausturhlið. Mögulega eru mannvistarleifar á milli B og þústar D.
Samkvæmt túnakorti var útihús E um 40 m suðvestan við bæ A. Ummerki um það sjást í túnjaðri undir sléttum klettavegg í Hlíðarhúskletti. Það er horfið að öðru leyti en því að stallur sést enn þar sem suðausturendi hússins var. Hann er um 6x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1 m á hæð en áætlaður grunnflötur hússins er 8x6m og sneri það norðvestur-suðaustur.
Samkvæmt túnakorti var mannvirki I um 45 m suðvestan við bæ A og 20 m suðaustan við útihús E. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki var þarna en líklegast er að þarna hafi verið brunnur. Engin ummerki sjást um hann lengur og hefur að líkindum verið fyllt upp í hann. Ágúst Guðjónsson mundi eftir tóft J upp undir brún á Hlíðarhúskletti, 15 m suðvestan við útihús E, þar sem nú (2016) er stór rifsberjarunni. Þar er stallur í brekkunni og grænni gróður en er í kring. Stallurinn er 6,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást frekari ummerki um tóftina. Ekki er ósennilegt að hænur hafi verið hafðar í húsinu. Kálgarður K var í suðvesturenda túnsins, um 80 m suðvestan við bæ A. Samkvæmt túnakorti var ekki hlaðið gerði í kringum hann en flatur stallur er þar sem kálgarðurinn var. Stallurinn er 20 m á lengd og 8 m á breidd þar sem hann er breiðastur í suðvesturenda. Í norðausturenda er hann 5,5 m á breidd. Stór grenitré eru fast suðvestan við kálgarðinn. Óljóst sést móta fyrir veggjabroti um 3 m suðvestan við kálgarðinn en hann sést illa vegna trjánna.

Útihús F er sýnt á túnakorti um 65 m suðaustan við bæ A. Þar er tóft sem er sambyggð túngarði C. Tóftin er einföld og gróin og virðist að mestu torfhlaðin en einnig kann að vera torf í veggjum. Ekki sést fjöldi umfara í veggjum. Tóftin er um 8x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er veggur fyrir suðvesturhlið tóftarinnar og hefur þar verið þil með dyrum. Mesta hæð veggja er 0,6 m á norðvesturhlið. Stærð útihússins á túnakortinu gefur til kynna að þarna hafi verið fjárhús en Ágúst Guðjónsson minnti að hænsnakofi hefði verið á þessum stað. Húsið kann að hafa breytt um hlutverk frá því sem var þegar túnakortið var gert.
Samkvæmt túnakortinu afmarkaði garður C allar hliðar túnsins, nema suðvesturhlið þess. Túngarðurinn sést enn á 90 m löngum kafla meðfram suðausturhlið túnsins. Þar er hann að miklu leyti útflattur en sést einna best næst tóft F. Garðurinn sést aftur á stuttum kafla upp við Hlíðarhúsklett í norðausturenda túnsins. Þar sést hann á 7 m löngum kafla, er 0,6 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Garðurinn er grjóthlaðinn en ekki sést fjöldi umfara. Mensaldurskofi mun hafa verið þarna í túnhorninu, sjá Halldóruminni 075. Ákveðið var að halda honum á sér númeri þó að hann hafi verið innan túns Hlíðarhúss. Á vettvangi sáust ekki skýr ummerki um skurð L sem sýndur er á túnakorti. Hann var 20 m norðvestan við túngarð C á suðausturhlið túnsins og 60 m suðaustan við bæ A. Á loftmynd má hins vegar greina hann á 40 m löngum kafla þar sem hann liggur norðaustur-suðvestur. Hann heldur svo áfram til suðvesturs, út fyrir túnið, á 50 m löngum kafla þar sem hann tengist stærri skurði.




Horft til suðvesturs yfir tún Hlíðarhúss 037 að bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Búlandsnes, 3-4; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 399

SM-233:038 *Hlíðarhúshali* heimild fiskreitur 725030 470035
"[M]illi þeirra [Hlíðarendakletts [074] og Hlíðarhúsakletts [037] er Mensaldurssund og Hlíðarhúshali eins og jökulsorfinn, sléttur og gróðurlaus, gott að þurrka fisk á honum," segir í örnefnaskrá. Hlíðarhúshali er líklega fast suðaustan við matvöruverslunina á Djúpavogi á Aurnum og kann verslunarhúsið að vera að hluta ofan á honum. Fiskreitur á Hlíðarhúshala var

65 m norðaustan við Djúpavogskirkju 135 og 60 m suðvestan við Miðhús 090.
Hlíðarhúshali er gróðurlítil klöpp. Norðvestan við hana er matvöruverslun og malarplan.
Engin mannaverk sjást á Hlíðarhúshala.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Búlandsnes, 4

SM-233:050 *Friðgeirsskúrar* hleðsla 725302 470196




Ljósmynd í eigu Stefáns Arnórssonar sem sýnir austurhluta Djúpavogs á fyrri hluta 20. aldar. Inn á myndina hafa helstu mannvirki og fornminjar verið merkt.

Friðgeirshús eða Friðgeirsskúrar eru nefndir eftir Friðgeir Hallgrímssyni, kaupmanni á Eskifirði, en hann byggði hús og bryggju [sjá 086] og gerði út frá Djúpavogi líkt og Sigfús Sveinsson, kaupmaður á Norðfirði (sjá 134 og 210). Í bókinni Djúpivogur, 400 ár við Voginn, eftir Ingimar Sveinsson segir: "Þann 3. apríl 1925 fer fram virðing á nýbyggðu fiskhúsi ásamt bryggju og palli, eign Friðgeirs kaupmanns Hallgrímssonar á Eskifirði ... (Sigurður Ívarsson mun hafa keypt mannvirki Friðgeirs. Var bryggja og beitningaskúr eitthvað notuð fram yfir 1980. Fjarlægt sumarið 1988)." Í sama riti kemur fram að trégólf hafi verið í öllu fiskhúsinu og steinhlaðinn grunnur undir því. Enn sést hlaðinn grunnur þar sem fiskhúsið stóð, 35 m vestan við Smeltiríið 085 og 40 m suðvestan við Sigfúsarskúra 134.
Grunnurinn er á gróðurlausum tanga sem gengur út til vesturs frá sjávarbakkanum.

Hlaðni grunnurinn er ferkantaður, er 10x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Stórt grjót er í köntum en minna grjót og grús innan við þá. Mesta hæð hleðslunnar er 1 m og mest sjást 3-4 umför. Á VNV-hlið hleðslunnar eru enn fjórar viðarstoðir sem voru undir Friðgeirsskúrum. Þetta mannvirki er ekki nógu gamalt til að teljast til fornleifa en er tekið með í fornleifaskrá engu að síður því það er mikilvægur minnisvarði um sögu útgerðar á Djúpavogi.





Hlaðinn grunnur sem var undir Friðgeirshúsum 050, horft til VNV á ljósmynd.

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 400 ár við Voginn, 162

SM-233:055 gata leið 725177 469988



Gata á leið 055 ofan við Bjarg 073, horft til norðurs.

"Gönguleið upp á Brenniklett frá Bjargi [073] var um Gjótuna," segir í örnefnaskrá. Hægt er að fylgja leiðinni frá Grund 091 upp á Brenniklett þar sem segja má að hún sameinist leið 216 sem lá frá Höskuldsstöðum 107 að Geysi 106.
Leiðin liggur um bratta brekku og eftir klettasyllu upp á Brenniklett.
Á leiðinni sést ein gata sem greinilega er notuð enn í dag (2016). Leiðinni var fylgt á 70 m löngum kafla þar sem hún liggur nálega norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Búlandsnes, 6

SM-233:064 gryfja óþekkt 725380 470237



Gryfja 064, horft til norðurs.

Grunn lægð er norðaustan undir klapparhrygg í austanverðum Djúpavogi. Þar virðist eitthvað mannvirki hafa staðið en ekki er ljóst hvers konar mannvirki eða frá hvaða tíma. Lægðin er 25 m austan við meinta staðsetningu íshúss 034 og 45 m suðvestan við fiskreit 072. Lægðin er í grasi vöxnum móa þar sem er talsvert af sinu.
Óljóst má greina innanmál lægðarinnar í sinunni og virðist hún vera 5,5x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna rasks

SM-233:071 heimild um skemmu 725154 470216


Á fjölmörgum gömlum myndum sem sýna gömlu verslunarhúsin á Djúpavogi (Löngubúð 109, Faktorshús 084 og fleiri mannvirki) má sjá stórt og stæðilegt hús sem var sunnan við Faktorshúsið og austan við Löngubúð. Þetta hús er horfið. Á gamalli mynd af verslunarhúsunum sem er í myndasafni Nönnu Þórhallsdóttur á vef Djúpavogshrepps hafa þau verið númeruð og við hvert númer skrifað hlutverk húsanna. Þar kemur fram að umrætt hús hafi verið timbur- og salthús. Framan við það er áfastur kolaskúr. Í bók Gísla Pálssonar um Hans



Teikning úr The Illustrated London News frá 24. ágúst 1872 af Djúpavogi. Lengst til vinstri er Suðurkaupstaður 081, þá hús 220 og Langabúð 109. Framan við Löngubúð er kramhús/skemma 071, hægra megin við það hús er Faktorshús 084, þá Síbería 110. Á milli Síberíu og Löngubúðar er líklega hús 188. Hægra megin við Síberíu er lifrarbræðsluhús 141A og lengst til hægri er hjallur 019 á Hjallskletti (utan verndarsvæðis).

Jónatan er teikning sem sýnir Djúpavog um 1820 og birtist í bók Pouls de Lövenörn frá 1822. Þar er húsið merkt sem krambúð. Húsið hefur því gegnt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina.
Uppbyggður og malbikaður vegur liggur niður að bryggjunni og Faktorshúsinu þar sem húsið stóð.
Í Fasteignamati 1916 - 1918 eru talin upp öll hús á lóð verslunarhúsa Örum og Wulff: "[...] d. Vöruhús (þriðja) 13,86x7,88x1,58+6,4 m. Mjög fornt timburhús með tjörguðu þaki. Við það er skúr, 10,08x3,47x2,21 m með járnþaki." Ekki er ljóst hvaða hús þetta var en líklegt er að það sé sama hús og hér er skráð. Engin ummerki sjást lengur um húsið eða grunn þess.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192; Gísli Pálsson, 126; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2

SM-233:072 heimild um fiskreit 725405 470276
Á skýringakort 5 í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem sýnir staðsetningu horfinna húsa og annarra eldri mannvirkja er merktur fiskreitur litlu norðaustan við íshús 034. Fiskreiturinn var austanvert í voginum, 260 m ANA við Löngubúð 109 og 100 m norðaustan við Smeltiríið 085.
Líklega var fiskreiturinn á lágri og gróðurlítilli klapparhæð á milli götunnar Vogalands og fiskverkunarinnar Naustavogs. Talsvert rask er í kringum klöppina vegna byggingaframkvæmda og gatnagerðar.
Klöppin virðist hafa hentað vel til fiskþurrkunar en engin mannaverk eru sýnileg á eða við hana.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020; 60



SM-233:073 *Bjarg* bæjarstæði býli 725195 470007

Býlið Bjarg er nefnt í manntali 1890 skv. bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Túnakort 1919, tún 0,31 ha, garðar 452 m2. Á túnakortinu er auk bæjarins (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Þrír kálgarðar, einn rétt við bæ (F) og tveir utan túns (B/C); leið frá bæ (G); garður (D) meðfram hluta túns. Að auki voru skráð ummerki um tvö útihús (E/H), tvær tóftir (I/J) og heystæði eða kálgarð (K). Býlið Bjarg er í hvammi norðaustan undir Brennikletti, 40 m sunnan við Grund 091 og 220 m suðaustan við Löngubúð 109. Íbúðarhús á bæjarstæði A hefur húsnúmerið Hammersminni 2.

Bærinn var austan undir brattri brekku og er túnið í talsverðum halla til norðausturs. Stór hluti þess er sléttaður og snöggt sleginn.


Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Bjarg (þurrabúð). [...]. Íbúðarhús 3,8x3,2x4,4+1,6 m. Byggt úr timbri 1905 með tún. Veggir úr torfi, þak járnvarið. Lóðin er auk grunnlóðar matjurtagarður 196 m2 og le[y]fi til að græða beit kringum húsið sem er ákveðinn, ársleiga kr. 12,00." Húsið er metið á kr. 200,00 og lóðin á kr. 200,00.

Minjar um býlið Bjarg eru á svæði sem er um 100x50 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Stórt íbúðarhús er á bæjarstæðinu. Þar sjást ekki skýr ummerki um upphleðslu mannvistarleifa og engar sýnilegar minjar eru um eldri íbúðarhús. Í

brekkunni vestan og norðvestan við bæinn eru ummerki um útihús E sem voru grafin inn í brekkuna. Þau hafa verið rifin en á svæði sem er 15x7 m að stærð og snýr norður-suður sést móta fyrir þremur hólfum eða húsum í brekkunni. Syðst er hólf sem er um 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er greinilegast og í því eru leifar af járni. Norðan við það eru leifar af hólfi sem er 2x2 m að innanmáli og nyrst ru svo leifar af stærsta hólfinu sem er 5,5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er aðeins byrjað að síga saman og í því sést lítilsháttar grjót.
Fast framan við bæinn var kálgarður F. Framan við íbúðarhúsið er afgerandi kantur sem kann að vera leifar af vesturvegg kálgarðsins. Önnur ummerki eru ekki sýnileg um hann. Vegur G er sýndur á túnakortinu og lá hann á milli bæjar A og kálgarðs F til norðausturs. Engin ummerki sjást um hann lengur. Á gömlum myndum af býlinu sést stæðilegur grjótgarður D sem afmarkaði tún þess og sýndur er á túnakorti. Aðeins sjást slitrur af túngarðinum þar sem hlaðið hefur verið uppi á kletta og í skörð í Brennikletti. Þessar hleðslur eru ekki sýndar á túnakorti enda utan ræktaðs túns. Stutt hleðsla eða kantur (Di) í túngarðinum er í skarði 20 m suðaustan við bæ A. Hún er 5 m á lengd og 0,4 m á breidd. Hleðslan er 0,6 m á hæð og í henni sjást 4-5 umför. Í norðurenda er hleðslan rofin, mögulega hefur þar verið gönguleið upp í brunn 211 uppi á Brennikletti. Önnur stutt hleðsla (Dii) er 25 m suðaustar. Hún er 4 m á lengd og liggur norður-suður. Aðeins eru fáir steinar eftir í hleðslunni.




Ljósmynd eftir Hansínu Björnsdóttur. (Mynd Th-8 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands). Búið er að reisa samkomuhúsið Neista og er myndin því tekin eftir 1924. Býlið Bjarg 073 er vinstra megin við miðja mynd.





Tóft 073I, horft til suðvesturs á ljósmynd.





Tóft 073J, horft til vesturs á ljósmynd.


Kálgarður B var utan túns, 80 m suðaustan við bæ, ef marka má fjarlægðir á túnakorti. Lítil ummerki sjást um kálgarðinn og engin ummerki um hlaðið gerði í kringum hann. Kálgarður C var einnig utan túns, 15 m austan við kálgarð B. Samkvæmt túnakorti var ekki hlaðið gerði í kringum hann. Talsvert jarðrask hefur orðið þar sem kálgarðurinn var. Þar er sléttað malarplan og engin ummerki um garðinn sýnileg. Um 20 m SSA við bæinn eru ummerki um hús H sem byggt hefur verið upp við slétta, lóðrétta klöpp og inn í brekku. Sléttur blettur er norðvestan við klöppina og var grunnflötur meints húss 2x2,5 m að stærð, sneri norðvestur-suðaustur.

Gróin tóft I er 20 m suðaustan við bæ. Gamall raflínu- eða símastaur með áföstum palli er ofan við tóftina til suðvesturs. Tóftin virðist að mestu grjóthlaðin en einnig kann að vera torf í hleðslum. Ekki sést fjöldi umfara. Tóftin er 5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í austurhorni. Suðvesturveggur er mjór og ógreinilegur. Mesta hæð veggja er 0,5 m.

Tóft J er 25 m NNA við bæ. Það er lítil, einföld tóft sem er grjóthlaðin og gróin. Tóftin er 3,5x3,5 m að stærð og er ekki hlaðið fyrir ANA-hlið þar sem op var inn í hana. Mesta hæð veggja er 0,5 m og sjást 3 umför innanverðum veggjum. Fast suðvestan við tóftina er niðurgrafið mannvirki K, líklega heystæði eða kálgarður í halla til norðausturs. Mannvirkið er

7,5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthlaðinn kantur er í suðvesturenda. Í norðausturenda er flati þar sem vex miklu grænna gras en annarsstaðar í mannvirkinu. Hann er 5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tvö stór björg eru við suðausturenda hans og kunna þau að hafa verið hluti af mannvirkinu.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 55; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1


SM-233:074 *Hlíðarendi* bæjarstæði bústaður 725090 470077



"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Miðhús [090], Hlíðarendi [...] segir í bókinni Djúpivogur, 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Túnakort 1919, sáðgarðar I 157 m2, garðar II 134m2. Á túnakortinu eru auk bæjarins A eftirfarandi mannvirki merkt inn: Tveir kálgarðar B rétt við bæ; leið framhjá kálgörðunum, sjá 212; þriðji kálgarðurinn C niður við sjó. Hlíðarendi var norðaustast í þurrlendu sundi á milli Brennikletts og Hlíðarendakletts, fast norðaustan við Miðhús 090 og 160 m SSV við Löngubúð 109.
Bæjarstæði Hlíðarenda er inni á tjaldstæðinu á Djúpavogi og liggur vegur inn á það um hlaðið á bænum og yfir kálgarða sem þar voru. Bæjarhúsin voru í grunnu viki sem gengur inn í Hlíðarendaklett og er það grasi gróið. Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Hlíðarendi (þurrabúð). [...]. Íbúðarhús, gamalt. Veggir úr grjóti á 3 vegu, að öðru leyti úr timbri, allt pappvarið. Stærð þess er 5x4x4+2 m. Síðasta söluverð kr. 150. Eftir það mikið endurbætt. Hæfileg ársleiga talin kr. 60,00. Lóðin er talin grunnlóð með litlu garðstæði við húsið. Lóðargjald kr.12,00." Húsið er metið á kr. 1600,00 og lóðin á kr. 300,00. "Timburhúsin voru ekki mörg fyrir utan verslunarhúsin. Það voru Sólhóll [092], Hraun [070], Geysir [106], Borg [089] og Hlíðarendi," segir í bókinni



Ljósmynd í eigu Konráðs Erlendssonar. Bæjarstæði Hlíðarenda 074 fyrir miðri mynd. Lengst til vinstri sést bærinn í Miðhúsi 090 og lengst til hægri eru útihús 214 frá Geysi 106.





Tóft 074D, horft til norðausturs á ljósmynd.

Djúpivogur: Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Hlíðarendi átti ekkert tún og var bærinn í litlu viki inn suðausturjaðar Hlíðarendakletts. Lítil ummerki sjást um bæinn sjálfan og þau hús sem voru á bæjarstæðinu og hafa húsin verið rifin. Einhver uppsöfnun mannvistarlaga er í vikinu inn í klettinn, í brekkunni, á svæði sem er um 20x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ein tóft D er uppi á brún Hlíðarendakletts í jaðri bæjarstæðisins. Þar hefur að öllum líkindum verið útihús. Tóftin er hlaðin inn í brún klettsins og virðist hún að mestu grjóthlaðin en einnig kann að vera torf í hleðslum. Tóftin er gróin. Hún er um 7x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Op er á henni í suðausturhorni. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Engin ummerki sjást um kálgarðana B sem voru framan við bæinn og liggur malarvegur yfir svæðið þar sem þeir. Stakstæður kálgarður C var um 100 m norðaustan við bæinn, þar sem nú (2016) er malbikað plan og steyptir veggir meðfram því. Á miðju planinu er gömul bensínstöð sem breytt hefur verið í verslun með gjafavöru. Engin ummerki um kálgarðinn sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 55, 88; Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: Siglt og róið, 43; Fasteignamat 1916 – 1918 SM I, 400

SM-233:075 *Halldóruminni* bæjarstæði bústaður 725031 469999
Halldóruminni var þurrabúð, nefnd í manntali 1890 skv. bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þar segir einnig: "Ekki hef ég getað fengið upplýst óyggjandi hvar húsið Halldóruminni stóð. Líkur gætu bent til að það hafi staðið suðvestan við Miðhús [090]. Þar eru örnefnin Mensaldurskofi og Mensaldurssund. [...] Samkvæmt manntali 1890 býr Mensaldur Jónsson í Halldóruminni ásamt konu sinni og tveimur dætrum." Ágúst Guðjónsson, heimildamaður, gat bent á staðsetningu Mensaldurskofa eða Halldóruminnis en húsið var byggt upp við sléttan klettavegg í norðurhorni túnsins í Hlíðarhúsi 037, 85 m suðvestan við Miðhús 090 og 65 m norðaustan við Djúpavogskirkju 135. Túngarðurinn í Hlíðarhúsi var norðausturveggur í húsinu. Ákveðið var að skrá þetta býli undir sér númeri þó að það sé innan túns Hlíðarhúss.



Ummerki um Halldóruminni 075 við túngarð Hlíðarhúss 037C, horft til NNV.

Malarplan sem tilheyrir tjaldstæðinu á Djúpavogi er norðaustan undir Hlíðarhúskletti og Hlíðarendakletti. Það nær að túngarði Hlíðarhúss og inn á tún þess býlis. Mögulega hafa minjarnar raskast að hluta þegar malarplanið var gert. Grenitré og annar trjágrjóður er norðaustanvert í klettunum og beggja vegna við túngarðinn.

Engin skýr ummerki um Halldóruminni/Mensaldurskofa sjást á vettvangi, önnur en stuttur bútur af túngarðinum í Hlíðarhúsi. Óljóst sést móta fyrir innanmáli hússins sem virðist vera 3x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 55-56

SM-233:081 *Suðurkaupstaður* heimild um verslunarstað 725211 470091



Ljósmynd eftir Nicoline Weywadt af Suðurkaupstað 081 og bryggju 082 innst í Djúpavogi. (Mynd Th-15 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands).Upp af Suðurkaupstað sést Hlíðarendi 074.

"Suðurkaupstaður stóð fyrir enda vogsins. Þar var verslun fyrrum. Við enda hússins var Skúrinn, sem eitt sinn var aðalsamkomu- og danshús þorpsins. En um 1924 byggði ungmennafélagið Neisti samkomuhús úr timbri á grunni Suðurkaupstaðarins og var húsið aðalsamkomustaður þorpsbúa í hálfa öld," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Suðurkaupstaðurinn og síðar samkomuhúsið Neisti voru innst í Djúpavogi, 150 m suðaustan við Löngubúð 109 og 50 m NNA við Grund 091. Gatan Vogaland er líklega að hluta eða öllu leyti ofan á grunnum þessara húsa.
Talsverðar breytingar hafa orðið á sjávarbakkanum innst í voginum vegna gatnagerðar. Byggt hefur verið undir götuna Vogaland og er bakkinn því hærri og brattari en hann var ef marka má gamlar myndir af svæðinu. Sléttaður grasbali er sunnan við götuna.
"Um 1860 hófu tveir danskir kaupmenn, Henrik Henkel Svendssen og Elis Iwersen byggingu verslunarhúss á Djúpavogi. Þetta var tveggja hæða timburhús og stóð fyrir botni vogsins, þar sem Neisti var síðar reistur. Nefndist hús þetta Suðurkaupstaðurinn. [...] Suðurkaupstaðurinn stóð fram yfir aldamót 1900 og var nýttur á ýmsan hátt, m.a. undir kennslu og samkomuhald og partur hússins til íbúðar. Síðar var húsið rifið og mun efni úr því hafa verið selt til Stöðvarfjarðar," segir í bók Ingimars Sveinssonar, Djúpivogur: 400 ár við voginn. Þegar fasteignamat 1916-1918 var gert er Suðurkaupstaðurinn í eigu verslunarfélagsins Örum og Wulff: "Verslunarhús Örum og Wulff Djúpavog. Eigandi[:] H.F. Örum og Wullf. [...]. e. "Suðurkaupstaður" 11,34x9,45x6,3%4,5 m. Járnvari[ð] timburhús með járnvörðu þaki. Við hús þetta eru 2 skúrar." Í skýrslunni Félagsheimili og samkomuhús á 20. öld eftir Gylfa Björn Helgason segir: "Ungmennafélagið Neisti reisti samkomuhús árið 1924, þar sem Suðurkaupstaður stóð áður, og gaf því nafnið Neisti. Samkomuhúsið var byggt úr timbri og var 96 m2 að grunnflatarmáli. Byggt var við það á stríðsárum og eftir það var það 128 m2 að stærð. Í húsinu voru mannamót hreppsbúa haldin fram til 1974, en þá var húsinu lokað að kröfu eldvarnareftirlitisins. Húsið var rifið árið 1987." Í bókinni Undir Búlandstindi kemur fram að O.C. Hammer sjóliðsforingi hafi sennilega keypt Suðurkaupstaðinn og haft verslun sína þar um 5 ára skeið á árunum 1868-1873. Í sama riti segir ennfremur: "Jafnan var talið reimt í Suðurkaupstaðnum. Sagt er, að danskur maður hafi látizt þar við byggingu hússins eða jafnvel fyrirfarið sér." Í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, er mynd eftir Nicoline Weywadt af Suðurkaupstað (Th-15). Þá eru tvö stæðileg hús á staðnum og port á milli þeirra. Á yngri myndum, t.d. mynd eftir Hansínu Björnsdóttur (Th-7) er aðeins eitt hús á staðnum en sambyggður skúr við austurgafl þess. Engin ummerki um húsin Suðurkaupstað eða Neista sjást lengur vegna niðurrifs og gatnagerðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 60-61; 197; Fasteignamat 1916-1918 SM II, 2; Undir Búlandstindi, 59; Gylfi Björn Helgason; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622468;
http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=632733

SM-233:082 heimild um lendingu 725208 470111
"Suðurkaupstaðurinn [081], með trébryggju framan af [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Trébryggja var framan við Suðurkaupstaðinn og sést hún á ýmsum gömlum myndum sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gangnasafni. Bryggjan var um 130 m suðaustan við Löngubúð 109.
Talsverðar breytingar hafa orðið á sjávarbakkanum innst í voginum vegna gatnagerðar. Byggt hefur verið undir götuna Vogaland og er bakkinn því hærri og brattari en hann var ef marka má gamlar myndir af svæðinu.
Engin ummerki sjást lengur um bryggju framan við Suðurkaupstaðinn. Hún hefur líklega verið rifin þegar hún var orðin úr sér gengin eða þegar ekki var lengur þörf fyrir hana eftir að verslun í Suðurkaupstaðnum lagðist af.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 73



Ljósmynd eftir Nicoline Weywadt frá ísavetrinum 1873-1874 (Mynd Th-21 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands). Bryggja 082 framan við Suðurkaupstaðinn 081 er í forgrunni. Lengst til vinstri sést bryggja 083 framan við Faktorshús 084. Hjallur 019 á Hjallskletti er upp af bryggjunni (utan verndarsvæðis).

SM-233:083 heimild um lendingu 725182 470235
"Það sem við sjáum fyrst eru verslunarhús Örum og Wulffs [084] norðvestan við voginn. Fram af þeim lítil trébryggja," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn, eftir Ingimar Sveinsson. Trébryggja var framan við og á milli Faktorshúss 084 og húss 071 sem sést víða á gömlum ljósmyndum af verslunarstaðnum. Þar er enn bryggja.
Talsverðar breytingar hafa orðið hafnarsvæðinu og er komin landfylling austan við Faktorshúsið.
Engin ummerki sjást lengur um gömlu trébryggjuna sem hefur þurft að víkja fyrir nýrri og stöndugri bryggju.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 73

SM-233:084 *Faktorshúsið* hús verslunarstaður 725156 470247



Ljósmynd eftir Nicoline Weywadt af kaupstaðnum á Djúpavogi. (Myn Th-5 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands). Aftasta húsið er Langabúð 109. Framan við það vinstra megin er krambúð/skemma 071 og þar hægra megin er Faktorshús 084. Síbería 110 er hægra megin við Faktorshús og þá kornmylla 185 (utan verndarsvæðis).

Faktorshúsið er friðað hús og setur það mikinn svip á þorpsmyndina á Djúpavogi ásamt Löngubúð 109. Í Húsakönnun í Djúpavogshreppi segir um húsið: "Faktorshúsið var reist 1848 og er næstelst þeirra húsa sem uppi standa í sveitarfélaginu. Húsið stendur á grunni húss sem byggt var 1779. Það var að öllum líkindum rifið rétt aður en núverandi hús var reist. Við byggingu Faktorshússins var gerð sú meginbreyting að snúa langhlið í stað gafls að Voginum, líkt og áður hafði verið gert. Faktorshúsið er með elstu timburhúsum hérlendis og skipar stóran sess í verslunarsögu Djúpavogs. Verslun Örum og Wulff reisti húsið sem íbúðarhús verslunarstjóra. [...] Árið 1920 seldu Örum og Wulff eignir sínar m.a. Fakorshúsið með áfastri verslun, Löngubúð [109] og Krambúðina [071] til Kaupfélags Berufjarðar. Kaupfélag Berufjarðar rak verslun í húsinu til 1985 en frá þeim tíma hefur húsið gegnt ýmsum og ólíkum hlutverkum. Árið 2007 var svo hafist handa við endurbyggingu þess sem enn stendur yfir […]."
Djúpavogshreppur er eigandi hússins og hefur sveitarfélagið notið stuðnings Húsafriðunarsjóðs við uppbyggingu. Hönnun uppdráttar var unninn af teiknistofunni Argos. Faktorshúsið er reisulegt hús sem stendur í kvos á gamla verslunarstaðnum neðan við Löngubúð 109, við bryggjuna. Áður fyrr var blómagarður 141D framan við húsið sem sýndur er á túnakorti Kaupstaðartúns.
Unnið er að frágangi lóðar í kringum húsið með hlöðnum köntum og malargrús. Steinsnar framan við Faktorshúsið er smábátahöfnin og þar á milli er vegar og bílastæði með bundnu slitlagi.
Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Verslunarhús Örum og Wulff Djúpavog. Eigandi[:] H.F.

Örum og Wullf. [...]. a. Íbúðar og verslunarhús, 15,12x10,08x2,52+5,04 m. Mjög gamalt timburhús allglæsilegt enda vel viðhaldið. Vátryggt á kr. 6000,00. b. Vöruhús [Langabúð (109)]: 38,43x7,56x2,2+5,5. Fornt timburhús af traustum viðum með bikuðu þaki. c. Vöruhús (annað) [líklega Síbería 110], 12,29x5,9x2,2+4,73 m. Fornt timburhús með bikuðu þaki. d. Vöruhús (þriðja) [líklega 071] 13,86x7,88x1,58+6,4 m. Mjög fornt timburhús með tjörguðu þaki. Við það er skúr, 10,08x3,47x2,21 m með járnþaki. e. "Suðurkaupstaður" [081] 11,34x9,45x6,3%4,5 m. Járnvari[ð] timburhús með járnvörðu þaki. Við hús þetta eru 2 skúrar. 1. 6x9,45x2,37 m. 2. 16,38x6,62x2,37 m járnþak. f. Íshús [187], 6,3x4,41x4,41+1,58 m járnþakið timburhús. g. Ísgeymsluhús [187]. Veggir úr grjóti og torfi og þak tyrft. Lélegt. h. Bræðsluhús [141A]. 8,82x5,67x2,21+2,84 m. Gamalt timburhús. i. Olíuhús [189], lítið úr grjóti og torfi með járnþaki. 2. Lóðin er takmörkuð með þessum merkjum, (örnefnum): 1. Frá Fagrahól að Bóndavörðu [052] 2[.] Frá Bóndavörðu að Brennikletti 3[.] Frá Brennikletti að Kríukletti 4[.] Frá Kríukletti að Friddukambi [Kaupstaðarkambi]. Allar línar beinar milli merkja [O]g loks Flákinn, sem verður með fram sjó, þegar dregin er bein lína frá ofanverður Friddukambi að skeri því í sjó úti sem kallað er "Æðarsteinsribbur" Á lóðinni er ekkert tún sem er fást 55 hesta taða. Eftirgjald kr. 200,00 þar með geldur hagbeit fyrir hestaviðskiptamanna." Húsin með bryggju eru metin á kr. 34500,00 og lóðin kr. 3600,00." Faktorshúsið er 15x10 m að grunnfleti og snýr NNA-SSV. Hlaðinn og steyptur kjallari er undir húsinu sem er er að öðru leyti timburklætt. Tvær hæðir eru í húsinu en efri hæðin og háloft eru undir súð. Endurbætur á Faktorshúsinu standa enn yfir (2016). Ekki er ástæða til að ætla annað en að verslunarhús danskra kaupmanna hafi alltaf staðið á þessum sama stað. Þá eru allar líkur á að Hamborgarmenn hafi einnig byggt sín hús á þessum stað þegar verslun hófst við voginn árið 1589.

Hættumat: engin hætta



Ljósmynd eftir Nicoline Weywadt sem sýnir Smelteríið 085 og mögulega bryggju 086 lengst til vinstri. Bryggja 083 framan við Faktorshús 084 er í forgrunni. (Mynd Th-22 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.)

Heimildir: Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014: 14-15; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2

SM-233:085 *Smeltiríið* heimild 725337 470201
"Suðaustan við voginn er Smeltiríið og bryggja [086] við, nær þar sem Sólvangur stendur nú. Þetta er stórt hús og þarna bræddu útgerðarmenn hvalspik og hákarlalifur," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens kemur fram að O. C. Hammer hvalveiðimaður hafi átt bræðsluhúsin austanvert við Djúpavog og er þar að öllum líkindum átt við Smeltiríið. Í fasteignamati frá 1916-1918 fyrir Framtíð (sjá 145) er getið um: "c. Bræðsluhús og tún, 18x8x4 m úr timbri, járnþakið." Ætla má að það bræðsluhús sé Smeltiríið. Smeltiríið var ofan við Friðgeirsbryggju 086 og um 190 m austan við Löngubúð 109. Íbúðarhúsið Sólvangur stendur á hluta af grunni þess.
Smeltiríið var á sjávarbakkanum í litlu túni á milli klappa.
"Þetta var nokkuð stórt hús, miklu stærra að flatarmáli en íbúðarhúsið sem Sigurður Ívarsson reisti seinna á þessum stað [Sólvangur]. Nokkurs ókyrrleika varð vart í Smeltirínu á þeim árum sem það stóð þarna og reyndar á þessu svæði lengi eftir að það var rifið. Sást þarna manni bregða fyrir, einkum þegar skuggsýnt var. [...] Þarna átti að vera á ferð danskur maður sem drukknaði í heitu lýsi þegar verið var að bræða [...]. [Árið 1867 bannar Björn Gíslason hreppstjóri] Hammer að draga á land hval á lóð þeirri sem tilheyrir Lýsisbræðsluhúsinu. [...] "Hreyfði ég þá munnlegum mótmælum um að hann væri fluttur í land upp á milli allra húsanna [...]"," segir í Siglt og róið eftir Ingimar Sveinsson. Smeltiríið er horfið en sést vel á ljósmynd sem Nicoline Weywadt tók, líklega á 8. áratug 19. aldar, og má finna í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni. Ekki er vitað hvenær húsið var rifið en íbúðarhúsið Sólvangur reis á grunni þess árið 1928. Sólvangur er bárujárnsklætt timburhús. Undir því er kjallari sem er hlaðinn og múrhúðaður. Nánari upplýsingar um Sólvang er að finna í Húsakönnun í Djúpavogshreppi.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 á við voginn, 73; FÞT I, 73; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1-2; Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 19-20; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622477; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 23-25

SM-233:086 *Friðgeirsbryggja* heimild um lendingu 725296 470198
"Suðaustan við voginn er Smeltiríið [085] og bryggja við, nær þar sem Sólvangur stendur nú. Þetta er stórt hús og þarna bræddu útgerðarmenn hvalspik og hákarlalifur," segir í bókinni Djúpivogur, 400 ár við voginn, eftir Ingimar Sveinsson. Ætla má að bryggjan hafi verið á sama eða svipuðum stað og bryggjan framan við Friðgeirshús 050 sem var um 40 m vestan við Smeltiríið. Til er gömul ljósmynd eftir Nicoline Weywadt (Th-22) af Smelteríinu og vinstri jaðri hennar virðist vera bryggja þar sem Friðgeirshús stóðu. Margar myndir eru hins vegar til sem sýna bryggjuna framan við Friðgeirshús, svokallaða Friðgeirsbryggju.
Bryggjan lá út frá gróðurlausum tanga sem gengur út til vesturs frá sjávarbakkanum.
Engar minjar um bryggju sjást lengur við Friðgeirshús og hefur hún verið rifin þegar hún hefur verið orðið úr sér gengin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 400 ár við voginn, 73


SM-233:087 heimild um lendingu 725273 470117
Bryggja var við húsið Framtíð (sjá 145) og er hennar getið í fasteignamati 1916-1918: "Hlutafélagið "Framtíðin" Djúpavog. 1. Eigandi: H.f. Framtíðin Reyðisfirði. [...] f. [b]ryggju - 45 m löng." Bryggjan sést á gömlum myndum frá Djúpavogi, m.a. á tveimur myndum sem Matthías Þórðarson, fyrrverandi þjóðminjavörður tók árið 1915 (MÞ/1915-7, MÞ/1915-16).

Þær er hægt að skoða í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni. Hún var um 60 m austan við bryggju 082 við Suðurkaupstaðinn 081 og 170 m suðaustan við Löngubúð 109.
Húsið Framtíð er á sjávarbakkanum, neðst í aflíðandi brekku. Framan við húsið, þar sem bryggjan var, er gata og malbikað plan á landfyllingu.
Engin ummerki um bryggjuna sjást lengur og var hún líklega rifin þegar ekki voru lengur not fyrir hana eða hún orðin úr sér gengin.




Ljósmynd eftir Matthías Þórðarson, fv. þjóðminjavörð. (Mynd MÞ/1915-6 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands). Myndin var tekin árið 1915 og á henni sést húsið Framtíð 145 og bryggja 087 þar framan við.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Fasteignamat 1916-1918 SM 1II, 1-2; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=623984; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=623983



SM-233:090 *Miðhús* bæjarstæði býli 725073 470045
"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Miðhús [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Túnakort 1919, tún 0,57 ha. Á túnakortinu eru auk bæjarins (A) eftirfarandi mannvirki merkt inn: Eitt útihús (B); leið framhjá bæ sjá, 212; einhvers konar mannvirki (C) sýnt sem lítill ólitaður ferhyrningur; garður (D) meðfram norðaustur- og suðvesturendum túns. Að auki var ein tóft (E) skráð sem ekki er sýnd á túnakorti og var líklega utan túnsins. Býlið Miðhús var í þurrlendu sundi á milli Brennikletts og Hlíðarendakletts fast suðvestan við Hlíðarenda 074 og 170 m SSV við Löngubúð 109.
Tjaldstæðið á Djúpavogi er í túni Miðhúsa og hefur talsvert rask hlotist af því.
Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Miðhús (þurrabúð). [...]. Íbúðarhús - 3,78x2,52x4,41+1,26 m. Veggir úr grjóti og torfi Innanbygging úr timbri. Þakið tyrft. Síðasta söluverð hússins kr. 157,00. Lóðin er talin 394 m2. Nothæf til dálítilla garðræktar. Ársleiga kr. 22,00." Húsið er metið á kr. 200,00 og lóðin kr. 200,00. Minjar um Miðhús eru á svæði sem er 115x65 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun hér á eftir. Bærinn A var suðaustan undir Hlíðarendakletti, nokkuð miðsvæðis í túninu norðvestanverðu.





Tóft 090E, horft til norðurs á ljósmynd.

Engin ummerki sjást lengur um húsið og hefur það verið rifið. Dálítið vik er inn í klettinn þar sem húsið stóð. Útihús B var 25 m sunnan við íbúðarhúsið. Þar er aðstöðuhús fyrir tjaldstæðið og engin ummerki um útihúsið sjást lengur á yfirborði. Mannvirki C var 60 m SSV við íbúðarhús A. Þar er sléttuð flöt á tjaldstæðinu og sjást engin ummerki um það. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þarna var en mögulega var það brunnur. Túngarður D sést á þremur stöðum en hefur verið rifinn að stærstum hluta. Í suðvesturenda túnsins er stuttur bútur af honum í suðurhorni túns og eins í vesturhorni þess. Í suðurhorninu sést grjóthlaðinn og gróinn garður á 17 m löngum kafla. Hann liggur norðvestur-suðaustur. Þessi hluti garðsins er hruninn og er hann 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Í vesturhorni túnsins sést garðurinn aðeins sem mjó, jarðlæg grjótröð sem myndar gleitt horn uppi á Hlíðarendakletti. Þessi hluti er 14 m langur. Stæðilegasti hluti garðsins er í austurhorni túnsins en hann er í brekku norðan í Brennikletti og hefur ekki afmarkað túnið sjálft en var örugglega í framhaldi af þeim hluta garðsins sem





Á vinstri mynd eru leifar af túngarði í austurhorni túns Miðhúss 090D, horft til NNA. Á hægri mynd er gróinn hluti af túngarði í suðurhorni túnsins, horft til suðausturs.


afmarkaði túnið. Þessi hluti garðsins er einnig grjóthlaðinn og eru hleðslur í honum hrundar. Þær dreifast yfir svæði sem er 2 m breitt en garðurinn hefur líklega ekki verið breiðari en 0,7-0,8 m. Garðurinn sést mjög greinilega á 24 m löngum kafla þar sem hann liggur nálega norður-suður og er 0,2 m á hæð. Fast innan við garðinn er einföld grjótröð sem hefur líklega verið hlaðið undir girðingu og er hún ekki skráð. Mjög óljóst framhald er af garðinum uppi á

norðvesturbrún Brennikletts en þar sést jarðlæg grjótröð á tveimur stöðum þar sem eru skörð í klettana. Að lokum er tóft E í túnjaðri, um 85 m sunnan við bæ A. Ætla má að hún sé útihústóft. Lítill lundur með grenitrjám er fast austan við hana og er hún í hættu vegna trjáræktar. Tóftin er einföld og virðist vera torfhlaðin. Hún er 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA. VSV-veggur er ekki annað en kantur og hefur op inn í tóftina verið á þeirri hlið. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Túnakort 1919; Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 400

SM-233:091 *Grund* bæjarstæði bústaður 725193 470047



"Hús sem rísa nálægt aldamótum og snemma á öldinni eru t.d. [...] Grund (eldri), [...]," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Þurrabúðin Grund var norðaustan undir Brennikletti, 180 m suðaustan við Löngubúð, 100 m ASA við Hlíðarenda 074 og 40 m norðan við Bjarg 073. Þar sést aðeins ein útihústóft.


Býlið var við rætur grösugrar en grýttrar brekku. Norðan við það er útilistaverk við göngustíg og sléttuð grasflöt.

Túnakort 1919 garðar 195m2. Aðeins eru tveir stakir kálgarðar með grjóthlöðnum veggjum merktir inn á túnakortið en ekkert tún tilheyrði býlinu. Á milli kálgarðanna eru 40 m en ekki er víst að hægt sé að treysta afstöðunni á milli þeirra. Ekki sáust nein ummerki um kálgarðana á vettvangi og ekki tókst að staðsetja þá með innan við 50 m skekkju. Líklegt er að þeir hafi verið á Grundarbala, neðan við bæinn.

Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Grund (þurrabúð). [...]. 1. Íbúðarhús, 3,78x3,15x3,15+1,75. Veggir úr torfi og grjóti, með járnvörðu þaki, innanbyggt af tré.2. Lóðin er grunnlóð. [Á]rsleiga kr. 12,00." Húsið er metið á kr. 400,00 og lóðin á kr. 200,00. Íbúðarhúsið á Grund (A) er horfið en þó má merkja hvar það stóð á sléttum grasbletti. Þar er engin sýnileg uppsöfnun mannvistarlaga. Ofan við það, upp undir klettunum í Brennikletti, er útihústóft (B). Hún er 6x3,5 að stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin er tvískipt, grjóthlaðin en gróin. Hún er grafin inn í brekkuna að miklu leyti og mesta hæð veggja er 0,4 m. Op inn í hólfin eru á ASA hlið. Syðra hólfið er 1,5x1,5m að innanmáli og nyrðra hólfið er um 2x1 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Tóftin er tekin að síga saman, enn sést þó í grjóthleðslur í innanverðum veggjum. Mest sjást 3 umför á stöku stað.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 88; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1





Tóft 091B, horft til vesturs á ljósmynd.

SM-233:106 *Geysir* hús bústaður 725121 470142



Húsið Geysir 106 í núverandi mynd, horft til norðausturs.

"Hótel Geysir, stórt timburhús bárujárnsklætt á krossgötum vestan við voginn, byggt af Lúðvík Jónssyni nálægt aldamótum 1900, hefur verið endurbyggt og var tekið í notkun sem ráðhús Djúpavogshrepps haustið 2000," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2002. Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Hótel Geysir eða Hótelið stóð við Hótelbalann [109]. Hótelið var um skeið veitinga-og gistihús, en lengst af íbúðarhús, póst- og símstöð." Á 9. áratug síðustu aldar var verslun á neðri hæðinni sem hét Djúpið.

Í bókinni Fólkið í plássinu eftir Má Karlsson segir: "Hús það sem hér er greint frá [Geysir] var byggt á grunni eldra húss sem þar stóð áður og hét "Lundur". Það hús hafði Þórunn Eiríksdóttir, ættuð frá Svínafelli í Nesjum, ekkja Björns Gíslasonar hreppsstjóra á Búlandsnesi, látið byggja árið 1884. Í því húsi bjó hún ásamt fleirum og rak þar veitinga og gistiþjónustu til 12. júní 1896 að húsið brann [...] Þar var ætlun nýrra eiganda í upphafi [1906] að skipta um nafn á húsinu og nefna það Heklu. Þessi nafngift náði ekki eyrum samborganna sem héldu áfram að kalla húsið Hótel eða Geysi. [...]. Einnig var talað um Hótelsbalann og Hótelshæðina sem var nánasta umhverfi hússins [...] Árið 1916 tók þar til starfa fyrsta símstöð sem rekin var hér á Djúpavogi. Þessi símstöð var fyrst til húsa í herbergi á efri hæð í norðausturhorni Geysis. [...]. Símstöðin í Geysi mun hafa verið rekin þar til ársins 1928, er hún var flutt þaðan í kjallarann í gamla barnaskólanum á [A]urnum. [...] Fljótlega eftir að þeir bræður keyptu Geysir og fluttu þangað [1910], stofnuðu þeir til landbúskapar, eins og þá tíðkaðist á öllum heimilum. Þeir byggðu útihús, bæði hlöður, fjós og

fjárhús [sjá 214] á svæðinu framan undir Hlíðarendaklettinum [074]. [...] Eftir að Búlandshreppur eignaðist allt húsið árið 1991, voru uppi áform um að endurbyggja það frá grunni. Húsið var orðið mjög lélegt og hrörlegt og ekki íbúðarhæft. [...]. Þar skyldi vera til húsa, auk almennrar skrifstofu, skrifstofa sveitarstjóra og aðstaða fyrir tæknideild sveitarfélagsins og fundaraðstaða fyrir hinn nýja Djúpavogshrepp. [...] [H]ófust framkvæmdir árið 1997 við að byggja nýjan grunn undir húsið. [...]. Árið 1998 var svo húsið híft af gamla grunninum, þar sem það hafði staðið í eina öld, og yfir á nýja grunninn." Geysir hefur húsnúmerið Bakki 1 og er á mótum gatnanna Markarlands og Bakka, 70 m sunnan við Löngubúð 109 og 100 m norðaustan við Suðurkaupstað 081.
Húsið stendur á snyrtilegri, flatlendri lóð austan við Hótelshæð. Austan við húsið eru bílastæði. Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Geysir (þurrabúð). [...]. Íbúðarhús - 11,34x7,56x5,67+3,78 m. Tvílyft timburhús með papplögðum veggjum og járnvörðu þaki 1895. Í húsinu eru 4 íbúðir með 2-3 herbergjum hver. Kjallari er undir húsinu - 5,04x3,15x2 m með engri íbúð. Leiga yfir árið 200 kr. En hæfileg ársleiga talin kr. 300,00. Húsið var eitt sinn virt á kr. 3500,00. 2. metin á kr. 500,00 og lóðin á kr. 600,00." Húsið Geysir er 11,5x8 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Ekki er að sjá að kjallari sé lengur undir húsinu eftir að það var fært um breidd sína til vesturs. Húsið er tvær hæðir og ris og er klætt með timbri. Trépallur er meðfram austurhlið hússins. Endurbætur á Geysi eru vel heppnaðar og sómir húsið sér vel í hjarta þorpsins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÁFÍ 2002, 106; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 197; Már Karlsson, 20, 24-25, 27, 33-35; Fasteignamat 1916 - 1918 SM I, 400

SM-233:109 *Langabúð* hús skemma 725146 470228



Langabúð 109 og Faktorshús 084, horft til NNV.

Langabúð er friðað hús sem á sér langa og merka sögu. í Húsakönnun í Djúpavogshreppi segir um Löngubúð: "Langabúð er eitt elsta verslunarhús landsins og hefur í áranna rás sinnt mörgum hlutverkum, meðal annars verið vörugeymsla og sláturhús. Í heftinu Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogs segir eftirfarandi: "Langabúð og Faktorshúsið [084] eru elstu hús Djúpavogs. Þau eru reist á grunni eldri húsa og þar sem þau standa hefur verslunarstaðurinn verið frá árinu 1589, þegar þýskir kaupmenn hófu hér verslunarrekstur." Suðurendi Löngubúðar var reistur 1790 en húsið tók á sig núverandi mynd upp úr 1850 þegar eystri endi þess var byggður. Árið 1989, á 400 ára verslunarafmæli Djúpavogs, fékk Djúpavogshreppur húsið að gjöf og var í kjölfarið ráðist í viðamiklar endurbætur, sem lauk árið 1997. Minjavernd hafði yfirumsjón með endurbyggingunni en Hjörleifur Stefánsson arkitekt annaðist gerð uppdrátta. Langabúð gegnir nú hlutverki menningarmiðstöðvar Djúpavogshrepps. Sveitarfélagið hefur um árabil leigt út rekstur Löngubúðar fyrir kaffihús og safnastarfsemi [...]."
"[Á] Djúpavogi stendur gamalt hús, Langabúð, sem byggt var um miðja seinustu öld uppúr eldri húsum sem reist voru um miðja 18. öld en þau hús voru hins vegar reist skömmu fyrir 1640. Núverandi hús stendur á sama grunni og upphaflegu húsin, er jafnbreitt og byggt að langmestu leyti úr sama efni. Þótt Langabúð sé reist um 1850 þá nær saga hússins aftur til 1640," segir í

grein eftir Hjörleif Stefánsson í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1993. Langabúð stendur austan við Faktorshús 084 á gamla verslunarstaðnum sem markaði upphaf þorpsmyndunar á Djúpavogi. Húsin eru því mikilvægur hluti af sögu staðarins og sögu verslunar á Íslandi.
Grjóthlaðnir veggir eru framan og aftan við Löngubúð sem afmarka lóð hússins til austurs og vesturs. Tröppur liggja frá inngangi hússins á miðri vesturhlið á bílastæði.
Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Verslunarhús Örum og Wulff Djúpavog. Eigandi[:] H.F. Örum og Wullf. [...]. b. Vöruhús: 38,43x7,56x2,2+5,5. Fornt timburhús af traustum viðum með bikuðu þaki." Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Langabúð er elsta hús á Djúpavogi. Hún mun í núverandi mynd hafa verið byggð um 1850. Það er ljóst að á þessum stað hafa verið verslunarhús um langan aldur. Elsta virðingargjörð, sem fundist hefur, er frá 1758. Þar er tekið fram að húsin séu orðin gömul. Plankabygt hús var reist þarna um 1790. Það er nú suðurendi Löngubúðar. Pakkhús er byggt þarna 1852, sem er nú eystri hluti hússins. Langabúð í núverandi mynd er þannig tvö hús og port á milli þeirra. Norður úr þessu porti var byggt sláturhús árið 1926, hornrétt á hin húsin. Þetta sláturhús er í notkun fram um 1950 (var síðan rifið), þegar Kaupfélag Berufjarðar lætur byggja nýtt sláturhús niðri við Gleðivík [Gleiðuvík ytri]. Í Löngubúð kunna enn að vera spýtur úr fyrstu húsum á staðnum. Á þessari öld hefur Langabúð lengst af verið notuð sem pakkhús. Þar hafa verið geymdar grófari vörur, sem hafa þurft talsvert pláss, s.s. byggingavörur, fóðurvörur o.s.frv. Í Löngubúð er loft. Þar uppi er merkileg, gömul kista, stór og járnslegin. Þar mun hafa verið geymdur sykur, kaffi, rúsínur og fleira." Í heftinu Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogs segir: "Reimt hefur lengi verið í Löngubúð og fyrir því örugga vissa að svo sé enn. Draugur að nafni Skála-Brandur er sagður halda til á Löngubúðarloftinu. Annar draugur hélt rétt sunnan við Löngubúð. Þar rann lækjarsytra til sjávar og við búðarhornið var "sliskja", einföld brú, yfir lækinn. Við brúna hélt draugurinn til og hafði jafnan höfuðið í handarkrikanum." Langabúð er 38 m á lengd og 8 m á breidd og því gríðarlega stórt og glæsilegt hús. Eins og fram hefur komið hefur húsið verið gert upp og sómir það sér einkar vel. Teikningar af Löngubúð og nánari upplýsingar um húsið er að finna í Húsakönnun í Djúpavogshreppi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 10; Hjörleifur Stefánsson, 83; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn,181; Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogs

SM-233:110 *Síbería* heimild skemma 725148 470258




Ljósmynd úr myndasafni Nönnu Þórhallsdóttur. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192). Síbería 110 er lengst til vinstri og brunnur 237 framan við. Neðan viði Síberíu er Faktorshús 084, þá blómagarður 141D og loks planskúrar, sjá 187.

"Rétt austan við Löngubúð [109] stóð Síbería, mjög gamalt plankabyggt hús frá dögum danskra kaupmanna. Síbería var á okkar öld notuð sem verslunarhúsnæði, verbúð, kennsluhúsnæði, íbúð, vörugeymsla og fl. Um 1962 var Síberíu breytt í mjólkurvinnslustöð, en svo illa vildi til aðfaranótt 14. nóvember 1966 að húsið brann," segir í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2002 segir: "Austur af Löngubúð stóð mjög gamalt tvílyft plankahús kallað Síbería, áður Mörbúð, líklega frá dögum einokunarinnar." Síbería var fast norðan við Löngubúð 109 og Faktorshús 084. Þar norðan við er minnismerki um ungan mann sem fórst í vinnuslysi.
Malarplan er þar sem húsið stóð.
Á teikningu af Djúpavogi frá um 1820 í bókinni Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson eru tvö hús í bakgrunni hægra megin við Löngubúð 109. Það hús sem er lengst til hægri er líklega Síbería. Í fasteignamati 1916 - 1918 eru talin upp öll hús á lóð verslunarhúsa Örum og Wulff: "[...] c. Vöruhús (annað), 12,29x5,9x2,2+4,73 m. Fornt timburhús með bikuðu þaki." Ætla má að þetta vöruhús í fasteignamatinu sé Síbería. Engin ummerki um þetta gamla hús sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn,181-183; ÁFÍ 2002, 106; Gísli Pálsson, 126; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2

SM-233:120 heimild um lendingu 725399 470358
Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson kemur fram að bryggja hafi verið við húsið Tríton 176 sem reist var árið 1924. Hvorki húsið né bryggjan eru nógu gömul til að teljast til fornleifa en eru engu að síður teknar inn í fornleifaskrá vegna þess að þær eru mikilvægur hluti af verslunar- og útgerðarsögu við Djúpavog. Bryggjan var við norðvesturhlið hússins Tríton, en það er nyrsta húsið sem stendur við Djúpavoginn að austanverðu.
Klappir eru í fjöruborðinu norðvestan við Tríton.
Engin ummerki sjást lengur um bryggju við Tríton og hefur hún líklega verið rifin. Bryggjan sést á gömlum myndum frá Djúpavogi, m.a. á mynd frá 1935-1940 eftir Elisabet Sonnenfeld

(Lpr/2009-79) sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 á við voginn, 189; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=77035

SM-233:134 *Sigfúsarskúrar* hleðsla 725321 470235





Hleðsla í grunnum undir Sigfúsarskúrum 134, horft til NNV á ljósmynd.

Sigfúsarskúrar eru nefndir eftir Sigfúsi Sveinssyni, kaupmanni á Norðfirði, en hann byggði hús og bryggju (150) og gerði út frá Djúpavogi líkt og Friðgeir Hallgrímsson, kaupmaður á Eskifirði (sjá 050 og 086). Hlaðnir grunnar húsanna sjást enn og eru 40 m norðaustan við Friðgeirshús 050 og 180 m austan við Löngubúð 109. Þetta mannvirki er ekki nógu gamalt til að teljast til fornleifa en er tekið með í fornleifaskrá engu að síður því það er mikilvægur minnisvarði um sögu útgerðar á Djúpavogi.
Grunnarnir eru á litlum tanga sem gengur út í voginn til vesturs neðan við uppbyggða götu, Vogaland.
Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Samkvæmt lýsingu [í virðingagjörð frá 7. mars 1924] er húsið tvílyft timburbygging. Í því eru sex herbergi af ýmsum stærðum, 18 rúmstæði og þrír matvælaskápar, skorsteinn af múrsteini. Húsið er rúmlega tíu metra breitt og sjö metra langt. Við neðri hlið þess er skúrbygging í fullri lengd hússins ... Næsta ár, 30. mars 1925, fer fram virðingargjörð á viðaukabyggingum við áður byggðar og virtar húseignar Sigfúsar kaupmanns Sveinssonar, samkvæmt ósk hans. Þessi viðbygging er einnig á tveimur hæðum, 12 álnir að lengd, átta á breidd, hæð undir þakskegg sjö álnir, ris tvær álnir. Uppi er aðeins eitt herbergi, lengd og breidd hússins, en allt panelþiljað. Neðri hæðin óþiljuð. Áfastur við þetta hús er beitningaskúr, 18x5 álnir. Sementsgólf er niðri í öllum þessum húsum. [...] Bryggjur og hús Sigfúsar Sveinssonar gengu úr sér með tímanum eftir að starfsemi hans lauk Þó voru bryggjurnar notaðar fram undir 1950 og húsin stóðu lengur. Hafa síðustu leifar þeirra nú verið fjarlægðar (1988)."
Sigfúsarskúrar eru nefndir í bókinni Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson: "Útgerðarmenn frá Norðfirði komu sér upp bryggjum og sjóhúsum á Djúpavogi og réru þaðan á vetrarvertíðinni [...]. Litla íshússholan [034] við voginn nægði alls ekki til beitugeymslu, hvað þá heldur meir, og einn á fætur öðrum fluttu Norðfirðingarnir sig með vetrarútgerð sína til Hornafjarðar, og bryggjurnar þeirra á Djúpavogi og sjóhúsin fúnuðu eins og bátar heimamanna í fjörunni."

Hlaðnir grunnar Sigfúsarskúra ná yfir svæði sem er um 15x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Um tvo aðskilda grunna er að ræða og fær hvor þeirra bókstaf til aðgreiningar í lýsingu. Grunnur A er í norðaustur-enda svæðisins. Ofan á honum er steypt plata. Hann er orðinn gróinn og á honum stendur nestisbekkur. Þessi grunnur er 12x10 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Hann virðist hafa verið lengri til suðausturs en gatan liggur yfir hann að hluta. Hleðslur eru hæstar í norðvestur-enda þar sem þær eru 0,4-1,2 m á hæð. Mest sjást 3-6 umför í hleðslum. Í grunni B sem er fast suðvestan við grunn A sjást hleðslur í vesturhorni og meðfram suðvesturkanti. Þar liggja þær undir götuna. Hleðsla í grunni B er 2x8 m að stærð og



Ljósmynd úr myndasafni Nönnu Þórhallsdóttur. Myndasafnið er á vef Djúpavogshrepps (http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192). Í forgrunni eru Sigfúsarskúrar 134 og bryggja 150 þar við. Hinum megin við voginn sést Síbería 110 vel (ljóslitað hús lengst til vinstri).

snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hlaðin ofan á klöpp og er hæst 1,5 m og mest sjást 6 umför í henni.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 161-162; Stefán Jónsson, 140

SM-233:135 *Djúpavogskirkja* hús kirkja 724963 470013



Djúpavogskirkja 135. Til vinstri er mynd af kirkjunni frá 2011, áður en endurbætur hófust (Kirkjur Íslands XX, 112). Til hægri er mynd sem tekin var í nóvember 2016 þegar enn var unnið að endurbótum á kirkjunni. Horft er til norðausturs á báðum myndum.


"Djúpivogur varð kirkjustaður 1893 er þar var reist kirkja í stað þeirrar er áður stóð á Hálsi [SM-236:002]," segir í Kirkjum íslands. Undir mynd í sömu bók sem tekin var af kirkjunni árið 2011 segir: "Kirkjan var smíðuð 1893, árið 1954 var bætt við hana kór og forkirkju. Kirkjan var afhelguð árið 1999 þegar ný kirkja var tekin í notkun á Djúpavogi. Um þessar mundir er unnið að varðveislu kirkjunnar." Kirkjan stendur á Aurnum við götuna Búland, 30 m norðan við Dali, gamla læknissetrið á Djúpavogi og 260 m suðvestan við Löngubúð 109. Nýja kirkjan á Djúpavogi er 620 m suðvestan við gömlu kirkjuna. Grafreitur Djúpavogskirkju er skammt vestan við Hermannastekka 117 og hefur aldrei verið jarðað við kirkjuna sjálfa.

Kirkjan er á flatlendi. Grasflöt er í kringum kirkjuna og liggur hellulagður stígur að henni úr suðvestri og suðaustri.

Endurbætur á kirkjunni hafa staðið yfir frá 2010. Kirkjan snýr norðaustur-suðvestur en ekki austur-vestur eins og venja er. Upprunalega var hún 7x8,5 m að flatarmáli en kór og forkirkja hafa verið byggð við hana og er hún lengri sem því nemur. Ítarlegar upplýsingar um kirkjuna er að finna í Húsakönnun í Djúpavogshrepp sem unnin var 2014.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Kirkjur Íslands XX, 112-113; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 44-47



SM-233:141 *Kaupstaðartún* heimild um tún 725176 470244




Ljósmynd í eigu Sveins Þorsteinssonar sem sýnir Kaupstaðartúnið 141.

Til er túnakort fyrir Kaupstaðartún sem tilheyrði kaupstaðnum (sjá Faktorshús 084 og Löngubúð 109) og var austan við hann. Túnakort 1919: Tún 2,52 ha. Sáðgarðar 310 m2. Blómgarðar 116 m2. Á túnakortinu eru eftirfarandi mannvirki merkt inn: Hús (A); kálgarður (B) utan túns; garður (C) meðfram hluta túns; blómgarður (D) í túnjaðri. Blómgarðurinn var fast austan við Faktorshúsið 084 og húsið á túnakortinu er að öllum líkindum bræðsluhús sem nefnt er í fasteignaskrá 1916-1918 fyrir eignir á lóð Örum og Wulff: "[...] h. Bræðsluhús 8,82x5,67x2,21+2,84 m. Gamalt timburhús." Í kynningarbæklingi sem heitir Langabúð 1997 er gömul mynd eftir Nicoline Weyvadt

af kaupstaðnum sem sýnir hús á þeim stað sem ætla má að húsið á túnakortinu hafi staðið. Í myndatexta er húsið sagt vera lifrarbræðsluhús. Andrés Skúlason, heimildamaður, segir eftir frásögn eldri íbúa á Djúpavogi að húsið hafi síðar verið notað til að hýsa hesta og hefur húsið því haft fleiri en eitt hlutverk.
Gríðarlega breytingar hafa átt sér stað innan Kaupstaðartúns á þeim tæpu 100 árum sem liðin er frá því að túnakortið var gert. Þar er nú þétt íbúðabyggð að stærstum hluta og einnig er athafnasvæði við höfnina á hluta þess.
Engin ummerki sjást um þau mannvirki sem sýnd eru á túnakorti Kaupstaðartúns og eru þau öll horfin vegna byggingaframkvæmda og/eða niðurrifs.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1919; Fasteignamat 1916-1918 SM II, 3; Langabúð 1997 - Menningarmiðstöð Djúpavogs

SM-233:142 *Gistihúsið* heimild um kálgarð
Til er túnakort fyrir "Gistihúsið" frá 1919 og inn á það eru teiknaðir tveir kálgarðar. Ekki er ljóst hvar "Gistihúsið" var en líklega er átt við Geysi 106. Það hús var reist á grunni hótels sem hét Lundur og brann fyrir aldamótin 1900. Geysishúsið var oft kallað Hótel eða Hótel Geysir. Ekki tókst að staðsetja kálgarðana með innan við 50 m skekkju.
Túnakort 1919: Sáðgarðar: I. 66 m2. II. 220 m2. Á milli kálgarðanna eru um 100 m en óvíst er að sú afstaða sé rétt. Hlaðnir veggir afmarka þrjár hliðar á hvorum kálgarði.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1919



SM-233:145 *Framtíð* hús verslunarstaður 725284 470104
"Eftir aldamótin [1900] er Framtíðin byggð og var þar löngum verslun fram til ársins 1962, er K.B.F. keypti húsið og rekur þar nú gistihús," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.
"Framtíðin, tilhöggvið danskt timburhús, var reist austan við voginn árið 1906 af Gústav Ívarsen verslunarstjóra. Í því var um tíma rekin verslun til ársins 1966, m.a. útibú frá Framtíðinni á Seyðisfirði. Í húsinu hófst gistihúsrekstur 1966, efldur frá 1986 á vegum nýrra eigenda undir nafninu Hótel Framtíð," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2002. Framtíðin hefur verið gerð upp á smekklegan hátt og er mikil bæjarprýði. Húsið er innst í voginum, 185 m suðaustan við Löngubúð 109 og 70 m austan við Suðurkaupstað 081.
Framtíð er á sjávarbakkanum, neðst í aflíðandi brekku. Framan við húsið er gata og malbikað plan á landfyllingu.
"Kemur þar [í virðingu frá 1906 á húsi kaupmannsins G. Iversen] m.a. fram í virðingargjörðinni að húsið sé nýtt og byggt á þessu ári og sundurhólfist í 15 herbergi, með kjallara undir allri hússtærðinni og er húsið virt á kr 10.000 -. Eftir daga Gustav Iversen hér á Djúpavogi hlaut þetta hús nafnið Framtíðin eftir samnefndri verslun á Seyðisfirði. Í dag [2010] hefur húsið verið endurbyggt og stækkað með tveimur tengdum bjálkabyggingum, þar sem nú er rekið hótel allt árið. [...] Haustið 1924 var settur á stofn unglingaskóli á Djúpavogi, og fór kennsla fram í einni

stofu í Framtíðinni," segir í Fólkið í Plássinu eftir Má Karlsson.



Húsið Framtíð 145 í núverandi mynd, horft til suðausturs.

Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Hlutafélagið "Framtíðin" Djúpavog. 1. Eigandi: H.f. Framtíðin Reyðisfirði. [...]. a. Íbúðar og verslunarhús, 15,3x9,7x4,2+4 m með kjallara. Timburhús allt járnvarið og vandað að gerð. Síðasta söluverð talið kr. 10000,00 og hæfileg árslega, ef leigt gæti kr. 1000,00. b. Vöruhús [186], 18,5x10x6,5+5 m með tún 18,5x5x4 m. Timburhús með járnþaki. c. Bræðsluhús [085] og tún, 18x8x4 m úr timbri, járnþakið. d. Ísgeymsluhús og frystihús [034]. e. Fjós, hlaða og hesthús [231], 10x5x3+2,5 m f. [b]ryggju [087] - 45 m löng. 2. Lóðin er ómæld, ákveðin með merkjum. [...]. Árslega er kr. 45,00." Húsin með bryggju eru metin á 19200,00 og lóðin á kr. 1200,00. Húsið Framtíð er 10x15 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Það er kjallari, hæð og ris og er verönd við suðvesturenda hússins, þar sem aðalinngangurinn er. Nánari umfjöllun og lýsing á húsinu er í Húsakönnun Djúpavogshrepps.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SJM III, 418; ÁFÍ 2002, 106; Már Karlsson, 21-22, 68; Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1-2; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 20-22

SM-233:147 *Hótelsbrunnur* heimild um brunn 725108 470147

Í bókinni Að breyta fjalli eftir Stefán Jónsson kemur fram nafnið Hótelsbrunnur og má ætla að hann hafi verið nærri Geysi 106 við Hótelshæð. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu Hótelbrunnsins en líklegt er að hann hafi verið fast vestan eða norðvestan við Geysi/Lund 106 og 90 m SSV við Löngubúð.

Talsvert jarðrask hefur orðið á Hótelshæðinni vegna húsbygginga og annars rasks en svæðið hefur gróið aftur.

Fast vestan við Geysi er lítt greinanleg lægð innan um kletta sem standa upp úr sverði vestan í klapparhæð. Mögulega er lægðin þar sem Hótelsbrunnurinn var en það er ekki öruggt. Ekki eru aðrir líklegri staðir á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Stefán Jónsson, 123

SM-233:150 heimild um lendingu 725320 470241

Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir að Sigfús Sveinsson, kaupmaður frá Norðfirði, hafi byggt Sigfúsarhús (Sigfúsarskúra) 134 og bryggju (líklega árið 1924) og gert út frá Djúpavogi. Þar segir ennfremur: "Bryggjur og hús Sigfúsar Sveinssonar gengu úr sér með tímanum, eftir að starfsemi hans lauk. Þó voru bryggjurnar notaðar fram undir 1950 og húsin stóðu lengur." Bryggjan var um 45 m NNA við bryggju 086 við Friðgeirsskúra 050 og 170 m austan við Löngubúð 109. Hún er ekki nógu gömul til að teljast til fornleifa en er tekin með í fornleifaskrá engu að síður því hún er frá mikilvægum tíma í sögu útgerðar á Djúpavogi.

Bryggjan lá frá Friðgeirsskúrum en grunnar þeirra eru á litlum tanga sem gengur út í voginn til vesturs neðan við uppbyggða götu, Vogaland.
Engin ummerki um bryggjuna sjást lengur. Hún sést á gömlum myndum frá Djúpavogi, m.a. á mynd sem er í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, eftir Elisabet Sonnenfeld (Lpr/2009-79) frá árunum 1935-1940.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 161-162; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=77035

SM-233:165 heimild um fiskreit 725263 470071
Á ljósmynd Hansínu Björnsdóttur frá 1903-1905 (Th-7) af helstu byggingum á Djúpavogi virðist vera fiskreitur austan við Suðurkaupstaðinn 081. Þar er allstórt svæði þar sem búið er að breiða fisk. Svæðið virðist vera 40 m ASA við Suðurkaupstað og 40 m VSV við Hótel Framtíð, sjá 145.
Gatan Hammersminni liggur líklega yfir svæðið þar sem fiskreiturinn var.
Engin ummerki sjást um fiskreitinn á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=632733

SM-233:174 tóft fjós 725363 470215
Tóft af fjósi sem tilheyrði Sólvangi (sjá 085) sést enn um 35 m norðvestan við Sólvang og 5 m norðan við fjárhús 175. Tóftin er ekki nógu gömul til þess að teljast til fornleifa en er til vitnis um áhugaverðan tíma í sögu Djúpavogs þegar þéttbýli fer að myndast í þorpinu og er því tekin



Fjóstóft 174, horft til austurs á ljósmynd.

með í fornleifaskrá.
Tóftin er í grösugri brekku sem hallar til vesturs, fast sunnan við klöpp.
Tóftin er einföld, 5,5x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekki er veggur á vesturhlið þar sem hefur verið þil með dyrum. Tóftin er úr blönduðu efni og eru veggir hennar grjóthlaðnir en innra byrði veggjanna er steypt og er austurgaflveggur steyptur upp í mæni. Mesta hæð langveggja innanmáls er 1,3 m en gaflveggur er 1,8 m á hæð. Utanmáls eru veggir hæstir um 1,2 m og mest sjást 4 umför í hleðslum. Aftan við tóftina til norðausturs er afgerandi lægð sem hefur að líkindum þjónað sem heystæði og kann að hafa verið grafin út, a.m.k. að hluta. Hún er

8x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Fjósið hefur verið lítið í Sólvangi en algengt var að fólk væri með hálfa eða eina kú á Djúpavogi í byrjun 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna rasks

SM-233:175 þúst fjárhús 725363 470205
Ummerki um fjárhús frá Sólvangi [sjá 085] eru 25 m norðaustan við Sólvang og 5 m sunnan við fjós 174. Minjarnar eru ekki nógu gamlar til þess að teljast til fornleifa en þær eru til vitnis um áhugaverðan tíma í sögu Djúpavogs þegar þéttbýli fer að myndast í þorpinu og eru því teknar með í fornleifaskrá.
Fjárhúsin voru í grösugri brekku sem hallar til vesturs á milli klappa.



Þúst 175 þar sem fjárhús frá Sólvangi var, horft til suðurs.

Þar sem fjárhúsin stóðu sést móta fyrir grunni þeirra. Hann er um 6x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurhlutinn er grafinn inn í aflíðandi hallla en vesturhlutinn lítillega upphlaðinn. Hann er hæstur um 0,3 m í norðvesturhorni. Í báðum endum grunnsins sést móta fyrir grjóti þó að hleðslur sjáist ekki.
Hættumat: hætta, vegna rasks

SM-233:176 *Tríton* hús verslunarstaður 725414 470351



Tríton 176, horft til norðurs.

Tríton er nyrsta húsið sem stendur við Djúpavoginn að austanverðu. Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson kemur fram að það hafi verið byggt af Hjemgaard kaupmanni á Seyðisfirði árið 1924 og nefndist Handels- og Fiskestationen Triton við Djúpavog. Skúr var við húsið en nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt. Einnig var bryggja við húsið og er hún skráð undir sér númeri (120). Þessar minjar eru ekki nógu gamlar til að teljast til fornleifa en eru engu að síður teknar inn í fornleifaskrá vegna þess að þær eru mikilvægur hluti af verslunar- og útgerðarsögu við Djúpavog. Tríton er 290 m norðaustan við Löngubúð 109 og 285 m NNA við Framtíð 145.
Húsið stendur í fjöruborðinu. Suðaustan við það er stórt iðnaðarhúsnæði sem nefnist Vogur.
Tríton er reisulegt og svipmikið hús. Það er steinsteypt með bárujárnsþaki og hefur verið klætt

að utan með viðarklæðningu, fyrir utan NNA-gafl. Það er 15x12 m að grunnfleti og snýr NNA-SSV. Ítarlegar upplýsingar um húsið er að finna í Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 189; Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014, 26-28

SM-233:186 heimild um skemmu 725300 470116
Í fasteignamati frá 1916 - 1918 fyrir hlutafélagið Framtíðina á Djúpavogi er vöruhús eitt af því sem talið er upp og tilheyrði því: "b. Vöruhús, 18,5x10x6,5+5 m með tún 18,5x5x4 m. Timburhús með járnþaki." Hús þetta stóð að öllum líkindum litlu norðaustan við Framtíð 145 og sést á gömlum myndum frá Djúpavogi. Það er horfið.
Húsið var niður við sjó, neðst í aflíðandi brekku.
Hús stendur á grunni vöruhússins og virðist það vera svipað að stærð og snúa eins. Óvíst er hvort nokkuð af gamla húsinu sé enn óraskað.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1-2

SM-233:187 *Bryggjuhús* heimild 725186 470243
Í Fasteignamati 1916 - 1918 eru talin upp öll hús á lóð verslunarhúsa Örum og Wulff: "[...] f. Íshús, 6,3x4,41x4,41+1,58 m járnþakið timburhús. g. Ísgeymsluhús. Veggir úr grjóti og torfi og þak tyrft. Lélegt." Ætla má að íshúsið og ísgeymsluhúsið hafi staðið þétt saman og eru þau skráð saman undir einu númeri. Á gömlum myndum af verslunarhúsunum á Djúpavogi má sjá stórt, lágreist hús neðan við blómagarð 141D sem er neðan við Faktorshús 084. Líklegt er að það hús hafi verið íshús eða frystihús þess tíma. Ekki virðast önnur járnklædd timburhús koma til greina á svæðinu. Þetta hús er þekkt undir nafninu Bryggjuhús og var að sögn Ara Guðjónssonar, heimildamanns, notað sem beitningaskúr og til þess að salta fisk og gærur. Hlutverk hússins kann að hafa breyst þegar frystihús var byggt norðan við Síberíu árið 1946 eða eitthvað fyrr.
Þar sem íshúsið/Bryggjuhúsið var er malarplan á landfyllingu við bryggjuna á Djúpavogi.
Engin ummerki um íshúsið/Bryggjuhúsið sjást lengur og var það rifið í kringum 1966. Ekki er ljóst hvar ísgeymsluhúsið var.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2

SM-233:188 heimild 725138 470259
Á teikningu af verslunarstaðunum á Djúpavogi frá um 1820 sem birt er í bókinni Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson eru tvö hús hægra megin við verslunarhúsin 109, 071, 084. Það sem er lengra



Teikning af Djúpavogi frá um 1820 sem birtist fyrst í bók Pouls de Løvenørn frá 1822 (Gísli Pálsson, 126).

til hægri er líklega Síbería 110 en hitt húsið er ekki þekkt. Það stóð líklega beint norður af Löngubúð 109 og litlu vestan við Síberíu, upp við lágan klapparhrygg.
Malarvegur liggur um svæðið þar sem húsið stóð.
Engin ummerki sjást um húsið og hlutverk þess er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Gísli Pálsson, 126

SM-233:189 heimild um skemmu
Í Fasteignamati 1916 - 1918 eru talin upp öll hús á lóð verslunarhúsa Örum og Wulff: "[...] i. Olíuhús, lítið úr grjóti og torfi með járnþaki. Ekki er vitað hvar þetta hús var og ekki reyndist því mögulegt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju. Þar sem það er innan verslunarhúsalóðar má ætla að það hafi verið innan þess svæðis sem skilgreint er sem verndarsvæði í byggð og í grennd við verslunarhúsin (Löngubúð 109, Faktorshús 084 og Krambúð/skemmu 071). Ekki er útilokað að það sé sama hús og kolabyrgi 220.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 2

SM-233:190 *Hótelbalinn* heimild um leikvöll 725128 470161



Glímubrögð á Hótelbalanum 190, eigandi myndar ekki þekktur.

"Hótelbalinn náði frá Hótelinu [106] að Löngubúð [109]. Þarna var leikvöllur krakka, slagbolti iðkaður og krokket," segir í bókinni Djúpivogur, 400 ár við Voginn, eftir Ingimar Sveinsson. Hótelbalinn er á flatlendi austan við húsið Sætún við Bakka 2.
Dálítil grasflöt er austan við Sætún og þar austan við er vegur og malbikað plan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 197

SM-233:212 gata leið 725033 469974



Gata á leið 212 í túni Hlíðarhúss 037, horft til suðvesturs.

Á túnakortum Hlíðarenda 074, Miðhúss 090 og Hlíðarhúss 037 er sýnd leið sem liggur um hlaðið á þessum býlum. Á túnakortunum er sýndur allbreiður vegur sem lá um hlaðið á Hlíðarenda og Miðhúsi en þaðan er mjórri vegur eða gata að Hlíðarhúsi, þar sem leiðin endar en hún lá að líkindum frá athafnasvæðinu á verslunarstaðnum.
Leiðin lá um nokkuð flatlent svæði. Malarvegur á tjaldstæði Djúpavogs liggur yfir gömlu leiðina framhjá Hlíðarenda og Miðhúsi en hann endar við túnjaðar Hlíðarhúss. Þaðan og að Hlíðarhúsi liggur leiðin í gömlu túni sem komið er í órækt.
Engin ummerki sjást um veg á þessari leið en í túni Hlíðarhúss sést ein gata, allbreið, sem enn er farin. Hægt er að rekja hana á 75 m löngum kafla og liggur hún norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Túnakort 1919

SM-233:214 heimild um fjós 725101 470115




Mynd í eigu Ásdísar Þórðardóttur sem sýnir Geysi 106 og útihús 214 hinum megin við veginn.

Í bókinni Fólkið í plássinu eftir Má Karlsson segir: "Fljótlega eftir að þeir bræður keyptu Geysir og fluttu þangað [1910], stofnuðu þeir til landbúskapar, eins og þá tíðkaðist á öllum heimilum. Þeir byggðu útihús, bæði hlöður, fjós og fjárhús á svæðinu framan undir Hlíðarendaklettinum [074]." Útihúsin sem nefnd eru hér að framan voru 35 m suðvestan við Geysi 106 og 35 m norðaustan við Hliðarenda 074.
Slétt grasflöt er þar sem útihúsin voru og fast austan við er spennustöð RARIK og grjóthleðslur á lóðinni í kringum það.
Engin ummerki sjást um útihúsin og hafa þau líklega verið rifin.
Heimildir: Már Karlsson, 27

SM-233:218 garðlag vörslugarður 725147 470013

Grjóthlaðið garðlag er uppi á Brennikletti. Það er 40 m suðvestan við Grund 091 og 20 m suðaustan við grjóthlaðinn túngarð sem tilheyrir Miðhúsi 090D.
Garðlagið liggur um grýtt og mosagróið klapparholt.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 8x57 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda beygir garðurinn til NNV og liggur þar þvert í skarði í Brennikletti. Hann er ekki umfangsmikill og hefur líklega verið girt ofan á hann með gaddavírsstrengjum. Í honum er allstórt eggjagrjót úr holtinu. Garðurinn er 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann hefur þjónað sem vörslugarður og kann að hafa tengst túngarðinum í Miðhúsi 090.
Hættumat: hætta, vegna rasks



Garðlag 218 uppi á Brennikletti, horft til suðvesturs.

SM-233:220 heimild um skemmu 725115 470196

Á teikningu af Djúpavogi frá um 1820 í bókinni Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson eru hús í baksýn vinstra megin við verslunarhúsin, Löngubúð 109, krambúð 071 og Faktorshús 084. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi. Á sama stað má sjá lítið hús á gömlum myndum frá Djúpavogi. Að sögn Andrésar Skúlasonar, heimildamanns, var það kolabyrgi. Það hafa því staðið hús á þessum stað í langan tíma en hlutverk þeirra og gerð hafa breyst í gegnum tíðina.
Sléttað malarplan er þar sem kolabyrgið var og þar er ung hleðsla, grjótkantur sem ekki tengist byrginu.
Engin ummerki sjást um húsið og var það að líkindum rifið.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Gísli Pálsson, 126

SM-233:231 heimild um fjós 725304 470060



Húsið Framtíð 145 er í forgrunni á miðri mynd. Lengst til vinstri er hluti af útihúsum 231 og hægra megin við Framtíð er skemma 186. Myndin er í eigu Öldu Jónsdóttur.

Í fasteignamati 1916 - 1918 segir: "Hlutafélagið "Framtíðin" Djúpavog. [...] e. Fjós, hlaða og hesthús, 10x5x3+2,5 m." Útihús sem tilheyrðu Framtíðinni 145 sjást á gömlum myndum frá Djúpavogi og eru það að öllum líkindum þau hús sem nefnd eru í fasteignamatinu. Ekki er gott að átta sig á því hvar útihúsin voru nákvæmlega en áætlað er að þau hafi verið um 40 m sunnan við Framtíð, á grasbala á milli viðbyggingar við Hótel Framtíð og íbúðarhúss sem hefur húsnúmerið Varða 5.
Mikið rask og breytingar á landslagi hafa orðið á því svæði sem útihúsin voru á vegna byggingaframkvæmda.
Engin ummerki um útihúsin sjást á yfirborði. Eitt greinilegt hús er á tveimur ljósmyndum frá Djúpavogi en leifar af fleiri húsum kunna að vera þar þó að það sjáist ekki gjörla. Húsið sem sést er allstórt, úr blönduðu efni, torfi, grjóti og timbri. Á þaki sýnist vera bárujárn en óljóst er hvort aðrir hlutar hússins voru klæddir með bárujárni.
Heimildir: Fasteignamat 1916 - 1918 SM II, 1-2

SM-233:232 heimild 725390 470297

Austanvert í Djúpavogi var lifrarbræðsla sem stóð fram yfir 1950. Að sögn Ara Guðjónssonar, heimildamanns, var hún líklega reist upp úr aldamótunum 1900. Húsið var á svipuðum slóðum og fiskverkunin Naustavogur við Vogaland 3, 60 m austan við Síberíu 110 og 100 m NNA við Smeltiríið 085. Það sést á gömlum myndum frá Djúpavogi.
Talsvert rask hefur orðið þar sem lifrarbræðslan var, mest vegna bygginga og vegagerðar.
Engin ummerki sjást lengur um lifrarbræðsluna en ætla má að húsið hafi verið rifið þegar það fór út notkun.



Lifrarbræðsla 232 sést lengst til vinstri á myndinni. Eigandi ekki þekktur.


Hættumat: hætta, vegna rasks

SM-233:233 heimild 725159 470230



Ljósmynd eftir Hansínu Björnsdóttur af blóðvelli 233 þar sem sauðfé var slátrað undir berum himni ofan við Löngubúð 109. (Th-30 Þjóðminjasafn Íslands).

Í bókinni Djúpivogur: 400 ár við voginn eftir Ingimar Sveinsson segir: "Fyrir ofan Löngubúðina [109] var sauðfé slátrað á haustin undir berum himni þangað til sláturhús var byggt [1926[." Blóðvöllurinn sést vel á mynd Th-30 eftir Hansínu Björnsdóttur, ljósmyndara, í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni. Myndin birtist í áðurnefndri bók Ingimundar og segir í myndatexta: "Sauðfjárslátrun á blóðvellinum í brekkunni ofan við Löngubúð á Djúpavogi. Seinna var reist þarna sláturhús." Blóðvöllurinn var fast vestan við Löngubúð.
Malarvegur er þar sem blóðvöllurinn var, á milli Löngubúðar og lágrar klettahæðar.
Engin ummerki sjást um blóðvöllinn. Á áðurnefndri mynd sjást gálgar, borð og pallar úr viði en aftan við gálgana, líklega uppi á brún klettahæðarinnar eru grjóthleðslur. Ekki er útilokað að þær tilheyri túngarði sem afmarkaði stóran hluta Kaupstaðartúns, sjá 141C.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ingimar Sveinsson: Djúpivogur: 400 ár við voginn, 197, 91; http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=622486



Ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps (http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192). Myndin er tekin úr blómagarði 104D framan við Faktorshús 084, í forgrunni er þakið á Bryggjuhúsi 187. Hinum megin við ísilagðan voginn er (frá vinstri) Höskuldarskúr 235, meintur sjóskúr 236, skemma 186 og Framtíð 145. Þar framan við er svo bryggja 087 og tveir skúrar (Framtíðarskúr) 234.

SM-233:234 *Framtíðarskúr* heimild 725270 470109
Á ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps sjást tveir skúrar sitt hvoru megin við bryggju 087 framan við Framtíð 145. Undir myndinni stendur m.a. Framtíðarskúr og á það nafn væntanlega við annan þessara skúra. Hlaðinn grunnur var undir skúrunum en engin ummerki um þá sjást lengur vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192

SM-233:235 *Höskuldarskúr* heimild 725307 470149
Á ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps sjást tvö lítil hús sitt hvoru megin við veg í austanverðum voginum. Neðra húsið, niður við sjó, hét Höskuldarskúr og var sjóskúr Höskuldar Sigurðssonar frá Höskuldsstöðum 107. Það var um 50 m norðaustan við Framtíð 145 og 50 m suðvestan við Smeltiríið 085.
Að sögn Hlífars Ákasonar, heimildamanns, var skúrþakið jafnhátt veginum og klöpp sunnan við skúrinn. Engin ummerki um skúrinn sjást lengur vegna niðurrifs og vegagerðar. Óvíst er að skúrinn sé nógu gamall til að geta talist til fornminja en hann er til vitnis um sjósókn á áhugaverðum tíma í sögu Djúpavogs þegar þéttbýli fer að myndast í þorpinu og er því tekinn með í fornleifaskrá.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192

SM-233:236 heimild 725314 470141
Á ljósmynd úr safni Nönnu Þórhallsdóttur sem finna má á vef Djúpavogshrepps sjást tvö lítil hús sitt hvoru megin við veg í austanverðum voginum. Efra húsinu svipar mjög til þess neðra sem hét Höskuldarskúr 235. Ætla má að bæði húsin hafi verið sjóskúrar. Efra húsið var líklega um 50 m norðaustan við Framtíð 145 og 60 m suðvestan við Smeltiríið 085.

Engin ummerki sjást lengur um húsið vegna niðurrifs og vegagerðar. Óvíst er að húsið sé nógu gamalt til að geta talist til fornminja en það er til vitnis um sjósókn á áhugaverðum tíma í sögu Djúpavogs þegar þéttbýli fer að myndast í þorpinu og er því tekið með í fornleifaskrá.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=1192

SM-233:237 heimild um brunn 725148 470251
Á gömlum ljósmyndum af húsinu Síberíu 110 sést steyptur brunnur framan við það, á milli Löngubúðar 109 og Faktorshúss 084. Ætla má að brunnur þessi hafi verið lengi í notkun en ekki hafa fundist aðrar heimildir um hann svo ekki er neitt vitað um það hvernig hann var, hvort hann var grjóthlaðinn, hversu djúpur hann var eða hvernig vatnið í honum var.
Slétt malarplan er þar sem brunnurinn var.
Á ljósmyndunum sést að steyptur stokkur er ofan á steyptri plötu yfir brunninum. Stokkurinn er innan við 1 m á kant og hæð. Engin ummerki sjást um brunninn á yfirborði en ef fyllt hefur verið upp í hann áður en jafnað var yfir svæðið eru góðar líkur á því að hann hafi varðveist að einhverju leyti.
Hættumat: hætta, vegna rasks



Ljósmynd úr safni Rafns Kjartanssonar sem finna má á vef Djúpavogshrepps (http://www.djupivogur.is/adalvefur/?pageid=634). Fremst á myndinni sést brunnur 237 framan við Síberíu 110.

5. Niðurstöður

Sögu verslunarstaðar á Djúpavogi er hægt að rekja aftur til ársins 1589 þegar Hamborgarkaupmenn fengu verslunarleyfi þar frá Danakonungi. Danskir kaupmenn tóku svo við verslunarrekstri í voginum þegar einokunarverslun hófst árið 1602. Saga verslunar í Berufirði nær hins vegar mun lengra aftur í tíma því í Gautavík í norðanverðum firðinum er þekkt miðaldahöfn. Verslunarstaðurinn fluttist frá Gautavík í Fúluvík í skamman tíma áður en Djúpivogur varð aðal verslunarstaðurinn og náði verslunarsvæði Djúpavogskaupmanna frá Gvendarnesi í norðri að Skeiðará í suðri (Ingimar Sveinsson, 1989:27). Djúpivogur er í landi Búlandsness, forns lögbýlis. Bæjarstæði Búlandsness er um 2 km austan við gamla verslunarstaðinn.

Á svæðinu sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur skilgreint sem verndarsvæði í byggð voru skráðar 51 fornleif og er það mikill fjöldi minja á tiltölulega litlu svæði. Mikið er til af heimildum um forn mannvirki á verndarsvæðinu og hafa gamlar myndir af svæðinu reynst gulls ígildi. Sveitarfélagið hefur safnað miklu af gömlum ljósmyndum og birt á vefsíðu sinni en einnig varðveitir Þjóðminjasafn Íslands fjölda mynda af svæðinu sem flestar voru teknar af Nicoline Weywadt og Hansínu Björnsdóttur frá Teigarhorni.

Eins og fram kom í kafla 2 eru fornleifar skilgreindar sem hvers kyns mannvistarleifar sem eru 100 ára og eldri í 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012). Í skráningunni innan verndarsvæðisins voru ýmsar minjar skráðar sem ekki hafa náð 100 ára aldri og teljast því ekki til fornleifa í skilningi laganna. Ákveðin þáttaskil verða í sögu Djúpavogs þegar Kaupfélag Berufjarðar er stofnað 1920 og yfir 300 ára sögu danskrar verslunar lýkur á staðnum. Um svipað leyti eða skömmu síðar eykst vélbátaútgerð og í austanverðum voginum byggja kaupmennirnir Tanke Hjemgaard, Friðgeir Hallgrímsson og Sigfús Sveinsson fiskhús og bryggjur. Talið var nauðsynlegt að skrá hús og aðrar minjar sem tilheyra þeim tíma þegar uppbygging eykst á Djúpavogi í upphafi 20. aldar og byggð þéttist og var miðað við að skrá flest mannvirki og minjar sem eru frá því fyrir 1930.

Minjarnar sem skráðar voru innan verndarsvæðisins eru mjög lýsandi fyrir sögu verslunar á Djúpavogi og myndun þéttbýlis á svæðinu. Þeim er skipt í þrjá meginflokka í nánari umfjöllun hér fyrir neðan; *1) minjar um verslun, 2) minjar um útgerð og fiskvinnslu* og *3) minjar um býli (þurrabúðir og grasbýli) og landbúnað*.

1) Minjar um verslun

Ætla má að verslunarhús á Djúpavogi hafi verið á sama stað frá upphafi, í vestanverðum voginum, þar sem Langabúð SM-233:109 og Faktorshús SM-233:084 standa enn. Í töflu 1 má sjá þær minjar sem eru innan verndarsvæðisins og teljast tilheyra verslunarstaðnum.

Samtala	sérheiti	tegund	hlutverk	skýringar
SM-233:071		heimild	skemma	
SM-233:083		heimild	lending	
SM-233:084	Faktorshúsið	hús	verslunarstaður	
SM-233:109	Langabúð	hús	skemma	
SM-233:110	Síbería/Mörbúð	heimild	skemma	
SM-233:141	Kaupstaðartún	heimild	tún	
SM-233:188		heimild		óskilgreint hús
SM-233:220		heimild	skemma	
SM-233:233		heimild		blóðvöllur
SM-233:237		heimild	brunnur	

Tafla 1. Minjar sem tilheyrðu verslunarstaðnum á Djúpavogi og tengdust versluninni.

Blóðvöllur SM-233:233 er ein þeirra fornleifa sem telst tilheyra verslunarstaðnum en seinna var sláturhús byggt aftan við Löngubúð á sama eða svipuðum stað. Einnig telst Kaupstaðartún SM-233:141 tilheyra verslunarstaðnum en aðeins lítill hluti þess er innan verndarsvæðisins (blómagarður 141D). Allar minjar sem skráðar voru á verslunarstaðnum eru horfnar, fyrir utan Löngubúð og Faktorshús. Forvitnilegt væri að kanna hvort að leifar af brunni 237 séu enn heillegar undir yfirborði en ætla má að brunnur hafi verið á þessum stað lengi, jafnvel frá upphafi verslunar á Djúavogi.

Fleiri verslunarhús rísa á Djúpavogi upp úr miðri 19. öld. Suðurkaupstaður SM-233:081 var reistur 1860 í botni Djúpavogs og verslunarhús sem síðar var nefnt Framtíðin SM-233:145 var reist 1905-1906. Þá var einnig verslunarrekstur í Tríton SM-233:176 sem reist var árið 1924. Húsin Framtíð og Tríton standa enn. Samkomuhúsið Neisti var byggt árið 1924 á sama stað og Suðurkaupstaður stóð áður en öll ummerki um þessi hús eru horfin. Bryggjur voru við öll verslunarhúsin (SM-233:082, 087, 120) en engin ummerki sjást lengur um þær. Heimild er um skemmu SM-233:186 við Framtíð. Það hús er horfið en yngra hús hefur verið byggt á grunni þess.

2) Minjar um útgerð og fiskvinnslu

Minjar sem tengjast útgerð og fiskvinnslu og skráðar voru innan verndarsvæðisins eru af ýmsum toga. Þær má sjá í töflu 2 hér fyrir neðan. Húsið Tríton SM-233:176 hefur áður verið nefnt en þar var bæði verslun og útgerð og hefur þá bryggja SM-233:120 þjónað allri starfsemi í húsinu. Innan Kaupstaðartúns SM-233:141, sem einnig hefur verið nefnt, en utan verndarsvæðisins var bræðsluhús 141A og er það undanskilið í töflu 2.

Samtala	sérheiti	tegund	hlutverk	skýringar
SM-233:034	Íshústjörn	heimild		ísgeymsluhús/frystihús
SM-233:038	Hlíðarhúshali	heimild	fiskreitur	
SM-233:050	Friðgeirsskúrar	hleðsla		sjóskúr
SM-233:072		heimild	fiskreitur	
SM-233:085	Smeltiríið/Sólvangur	heimild		lýsisbræðsla
SM-233:086	Friðgeirsbryggja	heimild	lending	
SM-233:134	Sigfúsarskúrar/Sigfúsarhús	hleðsla		sjóskúr
SM-233:150		heimild	lending	bryggja við Sigfúsarskúra
SM-233:165		heimild	fiskreitur	
SM-233:187	Bryggjuhús	heimild		sjóskúr/íshús?/ísgeymsluhús?
SM-233:232		heimild		lýsisbræðsla
SM-233:234	Framtíðarskúr	heimild		sjóskúr
SM-233:235	Höskuldarskúr	heimild		sjóskúr
SM-233:236		heimild		sjóskúr

Tafla 2. Minjar um útgerð og fiskvinnslu.

Sjóskúrarnir koma allir til sögunnar um og upp úr 1920 og eru því með yngstu skráðu minjunum innan verndarsvæðisins. Þessi hús voru flest reist ofan á grjóthlaðna grunna og eru þau öll horfin en enn sjást grunnar Friðgeirsskúra og Sigfúsarskúra. Það eru einu sýnilegu minjarnar sem tengjast útgerð og fiskvinnslu. Tvær lýsisbræðslur voru innan verndarsvæðisins, þrír fiskreitir og tvær bryggjur sem tengdust beint útgerð (auk bryggju við Tríton, sjá SM-233:120, og Faktorshús, sjá SM-233:083).

3) Minjar um býli og landbúnað

Innan verndarsvæðisins eru skráðir 7 bústaðir og býli (3 grasbýli og 4 þurrabúðir). Að auki er býlið Sólvangur sem byggt var 1928 innan svæðisins. Það er skráð undir sama númeri og Smelteríið SM-233:085 þar sem það var reist á grunni bræðslunnar. Tóft lítils fjóss SM-233:174 sem tilheyrði Sólvangi og grunnur fjárhúsa SM-233:175 frá sama býli voru skráðar innan verndarsvæðisins. Minjar um býli og landbúnað sem skráðar voru innan verndarsvæðisins sjást í töflu 3 hér fyrir neðan.

Samtala	sérheiti	tegund	hlutverk
SM-233:037	Hlíðarhús	bæjarstæði	býli
SM-233:073	Bjarg	bæjarstæði	býli
SM-233:074	Hlíðarendi	bæjarstæði	bústaður
SM-233:075	Halldóruminni/Mensaldurskofi	bæjarstæði	bústaður
SM-233:090	Miðhús	bæjarstæði	býli
SM-233:091	Grund	bæjarstæði	bústaður
SM-233:106	Geysir	hús	bústaður
SM-233:142	Gistihúsið	heimild	kálgarður
SM-233:174		tóft	fjós
SM-233:175		þúst	fjárhús
SM-233:214		heimild	fjós
SM-233:218		garðlag	vörslugarður
SM-233:231		heimild	fjós

Tafla 3. Minjar um býli og landbúnað innan verndarsvæðisins sem ekki hefur verið fjallað um annarsstaðar í kaflanum.

Tún grasbýlanna Hlíðarhúss, Miðhúss[3] og Bjargs eru að hluta innan verndarsvæðisins. Þau eru ekki lögbýli og eru því allar minjar sem þeim tilheyra skráðar undir einu fornleifanúmeri en fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu.

Umfangsmestu minjarnar um býli eru í túni Hlíðarhúss SM-233:037 en það er þó að litlu leyti innan verndarsvæðisins. Þar sjást ummerki um flest mannvirkin sem sýnd eru á túnakorti býlisins; túngarð, bæjarhól, útihús, framræsluskurði og kálgarða. Innan verndarsvæðisins er þúst og hlaðinn veggur í fjárhúsum, auk hluta af túngarðinum í norðausturhorni túnsins. Litlar sýnilegar minjar eru um Miðhús SM-233:090 en tjaldstæðið á Djúpavogi er staðsett í túni þess. Þó sjást enn leifar af grjóthlöðnum túngarði og ein lítil tóft af útihúsi. Ýmis mannvirki eru sýnileg í túni Bjargs SM-233:074; ummerki um útihús á tveimur stöðum, tvær tóftir og lítilsháttar leifar af grjóthlöðnum túngarði.

Enn eru ónefndar þurrabúðirnar Halldóruminni SM-233:075, Grund SM-233:091 og Hlíðarendi SM-233:074. Lítil ummerki sjást eftir þær en þó er ein útihúsatóft ofan við bæinn í Grund og eins er tóft ofan við Hlíðarendabæinn, uppi á brún Hlíðarendakletts. Tveir kálgarðar tilheyrðu Grund en ekki tókst að staðsetja þá. Halldóruminni var byggt upp við Hlíðarhúsklett innan túns Hlíðarhúss. Húsið Geysir SM-233:106 er einnig skilgreint sem þurrabúð en það hús stendur enn og hefur verið gert upp á vandaðan hátt. Fjós og fleiri útihús SM-233:214 frá Geysi

[3] Miðhús er sagt vera þurrabúð í fasteignamati 1916-1918 en er ér skilgreint sem grasbýli þar sem það átti tún.

voru norðaustan undir Hlíðarendakletti. Einnig var fjós og fleiri útihús SM-233:231 frá Framtíð í brekkunni ofan við húsið í jaðri verndarsvæðisins. Engin ummerki sjást lengur um þessi útihús. Í töflu 3.

Ýmsar aðrar minjar voru skráðar innan verndarsvæðisins. Má þar nefna Djúpavogskirkju SM-233:135 sem reist var 1892 og unnið er að endurbótum á. Gamlar götur eru skráðar á þremur stöðum en aldur þeirra er líklega sá sami og aldur þéttbýlis á Djúpavogi. Leið SM-233:216 er sérlega skemmtileg en hún liggur frá Höskuldsstöðum SM-233:107 (utan verndarsvæðis), framhjá Hvammi SM-233:108 (utan verndarsvæðis) og niður af Brennikletti/Brennukletti á bak við verslunina *Við Voginn*. Af klettinum er frábært útsýni yfir Djúpavog, hafnarsvæðið og byggðina.

Hættumat og varðveisla

Við fyrstu sýn virðist ekki eftir miklum fornminjum að slægjast á verndarsvæðinu á Djúpavogi en við nánari skoðun kemur annað í ljós. Talsvert mikið er enn sýnlegt af minjum, bæði af húsum og mannvirkjum úr torfi og grjóti en þær er helst að finna upp við kletta þar sem ekki hefur verið hægt að slétta yfir þær. Í töflu 4 má sjá ástand minjanna sem skráðar voru á verndarsvæðinu.

Ástand	fjöldi
ekki sést til fornleifar	31
hleðslur signar	3
hleðslur standa	2
hleðslur standa grónar	1
sést til	8
undir þaki	6
Alls	**51**

Tafla 4. Ástand minja á verndarsvæðinu.

Mikill fjöldi minja er horfinn á svæðinu eða 60%. Einhver ummerki sjást um fornleifar í átta tilvikum og hleðslur sjást enn í sex tilvikum. Sex hús eru enn undir þaki en það eru Langabúð, Fakorshús, Geysir, Djúpavogskirkja, Framtíð og Tríton.

Hættumat var gert fyrir allar fornleifarnar sem skráðar voru á verndarsvæðinu. Þó að fornminjar sjáist ekki á yfirborði er í mjög mörgum tilvikum hægt að finna leifar þeirra undir sverði eða yngri mannvirkjum og því kunna þær að vera í hættu þó að þær séu ekki lengur sýnilegar. Af 51 fornleif sem skráð var eru 33 taldar í hættu vegna rasks og þar af tvær í

stórhættu. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir innan verndarsvæðisins svo vitað sé en í þéttbýli og á athafnasvæðum eru meiri líkur en minni á því að einhverjar framkvæmdir verði og því er þessi varnagli sleginn og fornleifarnar látnar njóta vafans. Þar sem hús eru enn undir þaki eða litlar sem engar líkur eru til þess að eitthvað hafi varðveist af fornminjum sem eru horfnar eru þær ekki taldar í hættu. Á verndarsvæðinu eru 17 fornleifar sem ekki teljast í hættu.

6. Heimildaskrá

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020. Páll Jakob Líndal og Guðrún Jónsdóttir. 2008. Djúpavogshreppur, Djúpavogi.

ÁFÍ 2002: Hjörleifur Guttormsson. 2002. *Ferðafélag Íslands, árbók 2002. Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar.* Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic land registers*. C.W.K. Gleerup, Lund.

Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Eiríkur Sigurðsson. 1970. *Undir Búlandstindi. Austfirskir sagnaþættir.* Norðri, Akureyri.

FÞT I: Þorvaldur Thoroddsen. 1958. *Ferðabók*: *Skýrslur um rannsóknir á Íslandi, 1882-1898* I. bindi. 2. útgáfa. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.

Gísli Pálsson. 2014. *Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér*. Mál og menning, Reykjavík.

Hjörleifur Stefánsson. „Um aldur Hillebrandtshúss á Blönduósi.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1993:* 75-84.

Húsakönnun í Djúpavogshreppi 2014. 2014. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, Reykjavík.

Ingimar Sveinsson.1989. *Djúpivogur. 400 ár við voginn*. Búlandshreppur, Egilsstaðir.

Ingimar Sveinsson. 2003. *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund*. Búlandshreppur, Egilsstaðir.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Kirkjur Íslands XX: *Kirkjur Íslands. 20. bindi. Friðaðar kirkjur í Austfjarðarprófastdæmi.* 2012. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd og Biskupsstofa, Reykjavík.

Langabúð 1997: Menningarmiðstöð Djúpavogs. 1997. Djúpavogshreppur, Djúpavogi.

Már Karlsson. *Fólkið í plássinu*. 2010. K. Másson, Reykjavík.

SJM III: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* III. 1975. Búnaðarsamband Austurlands, Egilsstöðum.

SSM: *Múlasýslur. Sýslu og Sóknalýsingar*. 2000. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík; Örnefnastofnun Íslands, Garðabæ.

Stefán Jónsson. *Að breyta fjalli*. 1987. Svart á hvítu, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir

Fasteignamat 1916 – 1918 SM: *Fasteignamat 1916-1918 – Undirmat: Múlasýsla – suður I-II.* Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Gylfi Björn Helgason. Félagsheimili og samkomuhús á 20. öld (í vinnslu). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Lög nr. 87 um verndarsvæði í byggð: http://www.althingi.is/altext/144/s/1605.html

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn: www.sarpur.is

Túnakort 1919: Túnakort Geithellnahrepps. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Vefsíða Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is

Ö-Búlandsnes: Örnefnaskrá Búlandsness. Skrásetjari Eyjólfur Guðjónsson. [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

7. Hnitaskrá ISN93

Samtala	X	Y
233034	725358	470241
233037A	724993	469932
233037B	725027	469980
233037Ci	725036	469999
233037Cii	725015	469864
233037D	725017	469967
233037E	724959	469897
233037F	725018	469869
233037G	724994	469924
233037H	724983	469915
233037I	724975	469883
233037J	724946	469881
233037K	724938	469868
233037Ki	724927	469858
233037Kii	724923	469863
233037L	725017	469894
233038	725034	470032
233050	725302	470196
233055	725177	469988
233064	725380	470237
233071	725154	470216
233072	725405	470276
233073A	725195	470007
233073B	725225	469943
233073C	725236	469933
233073Di	725184	469982
233073Dii	725204	469967
233073E	725189	470006
233073F	725204	470004
233073G	725201	470017
233073H	725201	469988
233073I	725213	469995
233073J	725197	470030
233073K	725194	470023
233074A	725089	470081
233074B	725094	470077
233074C	725154	470156
233074D	725084	470087
233075	725031	469999
233081	725211	470091
233082	725208	470111
233083	725182	470235
233084	725156	470247
233085A	725337	470201
233085B	725328	470190
233086	725296	470198
233087	725273	470117
233090A	725081	470066
233090B	725087	470040
233090C	725079	470003
233090Di	725083	469966
233090Dii	725045	470014
233090Diii	725145	470057
233090E	725093	469982
233091A	725193	470047
233091B	725184	470039
233106	725121	470142
233109	725146	470228
233110	725148	470258
233120	725399	470358
233134A	725321	470235
233134B	725322	470228
233135	724963	470013
233141A	725168	470313
233141B	724954	470265
233141C	725028	470221
233141D	725176	470244
233145	725284	470104
233147	725108	470147
233150	725320	470241
233165	725243	470072
233174	725363	470214
233175	725363	470205
233176	725414	470351
233186	725300	470117
233187	725187	470244
233188	725138	470260
233190	725129	470162
233212	725033	469974
233214	725101	470115
233216	725175	469991
233218	725147	470013
233220	725115	470196
233231	725304	470060
233232	725390	470298
233233	725130	470230
233234	725270	470109
233235	725307	470149
233236	725314	470141
233237	725148	470251

8. Minjakort

Kortin eru unnin á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. nema annað sé tekið fram.

Kort 1

N


233120
233176
233232
233072
233141A
233141B
233188
233110
233237
233084
233187
233141D
233233
233083
233109
233071
233141C
233220
233150
233134A
233034
233064
233134B
233174
233175
233086
233050
233085A
233085B
233190
233074C
233147
233106
233235
233236
233214
Hlíðarendi
233082
233234
233087
233186
233145
233081
233165
233231
233074D
233074B
233074A
233090A
Miðhús
233090Diii
Grund
233091A
233090B
233091B
233038
233073J
Bjarg
233073K
233135
233090Dii
233218
233073G
233073E
233073A
233075
233037Cl
233090C
233073F
233073I
233216
233090E
233037B
233212
233037D
233090Di
233073H
233073Di
233073Dii
233073B
233073C
233037A
233037G
233037H
Hlíðarhús
233037E
233037L
233037J
233037I
233037K
233037Kii
233037Cli
233037F
233037Ki

Skýringar

- Afmörkun verndarsvæðis
- Fornleifar_punktar
- Fornleifar_línur
- Fornleifar_uppmælt

0 75 150 225 300 m


Kort 2 - vesturhluti
N
233141A
233141B
Síbería
233188
233110
Faktorshús
233237
233084
233187
233141D
233233
233109
233083
233141C
Langabúð
233071
233220
233190
233074C
233147
233106
Geysir
233214
233082
Suðurkaupstaður
233081
233074D
Hlíðarendi
233074B
233074A
233165
233090A
233090Diii
Grund
Miðhús
233091A
233090B
233091B
233038
233073J
Bjarg
233073K
233073G
233135
233090Dii
233218
233073A
233073F
233075
233037Ci
233090C
233073E
233073I
233216
233055
233090E
233073H
233037B
233212
233073Di
233037D
233090Di
233073Dii
Hlíðarhús
233073B
233037A
233073C
233037G
233037H
233037E
233037L
233037J
233037I
233037K
233037F
233037Kii
233037Cii
233037Ki
0
25
50
75
100 m


Kort 3 - austurhluti
N
Tríton
233120
233176
233232
233072
233150
233134A
233134B
233034
233064
Sigfúsarskúrar
233174
233175
233085A
233086
233050
Smeltiríið
233085B
Friðgeirsskúrar
Höskuldarskúr
233235
233236
233087
233186
233082
233234
233145
Suðurkaupstaður
Framtíð
233081
233165
233231
233073J
233073G
233073F
233073I
0
25
50
75
100 m

Kort 4

Kaupstaðartún 141

Langabúð

Geysir

Hlíðarendi 074

Suðurkaupstaður/
Neisti

Grund

Miðhús 090

Bjarg 073

Hlíðarhús 037

233141A
233141B
233141C
233141D
233188
233110
233084
233237
233187
233083
233233
233071
233220
233190
233074C
233147
233106
233214
233087
233082
233234
233081
233074D
233074A
233074B
233165
233090A
233090Diii
233091A
233091B
233090B
233038
233073J
233073K
233073G
233135
233090Dii
233218
233073A
233073F
233073E
233090C
233075
233037Ci
233073I
233216
233055
233073H
233073D
233090E
233037B
233212
233037D
233090Di
233073Dii
233073B
233073C
233037A
233037G
233037H
233037E
233037L
233037I
233037F
233037Cii
233037Kii
233037Ki
N
0
25
50
75
100 m

Á kortið hafa túnakort býlanna sem lenda að hluta eða öllu leyti innan verndarsvæðis í byggð verið teiknuð upp ofan á loftljósmynd sem tekin var 1957 (Landmælingar Íslands Li2-5246)